



Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð



Kofatóft við Karlsnes í landi Bakka

Bryndís Zoëga
Guðný Zoëga
2007/62



© Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2007/62

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
MYNDASKRÁ	2
INNGANGUR	3
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	4
SVÆÐISSKRÁNING OG AÐFERÐIR	5
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	5
JARDANÚMER	5
TEGUND, HLUTVERK OG HEITI	5
STAÐHÆTTIR OG LÝSING	6
SAGA JARDANNA OG FORNLEIFAR	6
HELSTU MINJAFLOKKAR	6
MINJAR Í TÚNI	6
MINJAR Í EÐA VIÐ TÚN	7
MINJAR UTAN TÚNS	7
VIÐ SJÓ/VÖTN	9
SKARÐ	10
SAGA	10
FORNLEIFASKRÁNING	12
BAKKI	35
SAGA	35
FORNLEIFASKRÁNING	38
BRIMNES	85
SAGA	85
FORNLEIFASKRÁNING	88
KOLKUÓS	109
SAGA	109
FORNLEIFASKRÁNING	112
STÓRAGERÐI	135
SAGA	135
FORNLEIFASKRÁNING	137
SAMANTEKT	156
NIÐURLAG	159
HEIMILDASKRÁ	161
FYLGISKJÖL	165

Myndaskrá

1. MYND. BÆRINN SKARÐ. LJÓSM. BZ.	12
2. MYND. ÍBÚÐARHÚSIÐ Á BAKKA. HÚSIÐ STENDUR NORÐAR EN GAMLI BÆRINN VAR. LJÓSM. BZ.	38
3. MYND. TEIKNING BJÖRNS H. JÓNSSONAR AF FJÓSI, FJÓSHLÖÐU OG HEYTÓFT (ÖSPÍ, ÚR VIÐAUKA).	40
4. MYND. TÚNGARÐURINN Á BAKKA, HORFT TIL VESTURS. LJÓSM. BZ.	41
5. MYND. TEIKNING AF FJÁRHÚSI. (ÖSPÍ, ÚR VIÐAUKA).	44
6. MYND. TEIKNING AF HÓLSHÚSUNUM. (ÖSPÍ, ÚR VIÐAUKA).	45
7. MYND TEIKNING AF TUNGUHÚSUNUM (ÖSPÍ, ÚR VIÐAUKA).	48
8. MYND. TEIKNING AF HESTHÚSINU Á TUNGUNNI (ÖSPÍ, ÚR VIÐAUKA).	48
9. MYND. BRUNNURINN, HORFT ER TIL VESTURS. LJÓSM. BZ.	49
10. MYND. HÉR VAR ÁÐUR KARTÖFLUGARÐUR, NÚ RABABARAGARÐUR. LJÓSM. BZ.	50
11. MYND. VEGURINN UPPHLAÐINN ER FREMST Á MYND. LJÓSM. BZ.	51
12. MYND. GARÐUR, HORFT ER TIL NORÐURS. LJÓSM. BZ.	53
13. MYND. REIÐGATA, HORFT ER TIL NORÐAUSTURS. LJÓSM. BZ.	54
14. MYND. REIÐGATA, HORFT ER TIL NORÐAUSTURS. LJÓSM. BZ.	54
15. MYND. LANDAMERKJASTEINN. LJÓSM. BZ.	56
16. MYND. MÓGRÖF Í NEÐRIMÝRUM. LJÓSM. BZ.	57
17. MYND. SMALAKOFATÓFT. LJÓSM. BZ.	68
18. MYND. LEIFAR VÖRÐU. LJÓSM. BZ.	69
19. MYND. BAKKAVÖR, HORFT ER TIL SUÐAUSTURS. LJÓSM. BZ.	74
20. MYND. LANDAMERKJASTAUR, ÞAR SEM ÁÐUR VAR VARÐA. LJÓSM. BZ.	81
21. MYND. GAMLI BÆRINN Á BRIMNESI. LJÓSM. BZ.	88
22. MYND. KUMLATEIGUR. LJÓSM. BZ.	89
23. MYND. TEIKNING AF KUMLUM (KE, 2000).	89
24. MYND. TÚNGARÐAR Á BRIMNESI. LJÓSM. BZ.	95
25. MYND. KOLKUÓS 2005. ÍBÚÐARHÚSIÐ TIL HÆGRI Á MYND EN SLÁTURHÚSIÐ, SÍÐAR FJÁRHÚS TIL VINSTRI. LJÓSM. RT.	112
26. MYND. ÍBÚÐARHÚS Í KOLKUÓSI 1942. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI HÉRAÐSSKJALASAFNS SKAGFIRÐINGA.	115
27. MYND. HÚS PÖNTUNARFÉLAGS SKAGAFJARÐAR ER FYRIR MIÐRI MYND. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA.	123
28. MYND. VERSLUN HARTMANNS ER ANNÆÐ HÚS FRÁ VINSTRI. MYNDIN ER FYRIR 1940. (Í EIGU HÉRAÐSSKJALASAFNS SKAGFIRÐINGA).	125
29. MYND. GRUNNUR VERSLUNARHÚSNÆÐIS TIL VINSTRI. LJÓSM. BZ.	127
30. MYND. BRÚASTÓLPÍ VIÐ HJALTADALSÁ. LJÓSM. BZ.	129
31. MYND. GAMLI BÆJARHÓLLINN LIGGUR ÞAR SEM NÚ TIMBURHÚSIÐ STENDUR. LJÓSM. BZ.	137
32. MYND. BRÚARSTÓLPINN VIÐ KOLKU. LJÓSM. BZ.	141
33. MYND. STÓRAGERÐISGRAFIR. LJÓSM. BZ.	148
34. MYND. MÓGRÖF Í LANDI STÓRUGRAFAR. LJÓSM. BZ.	149
35. ÞÚFNAVAÐ. LJÓSM. BZ.	150
36. MYND. STÓLPINN Í STÓLPAHVAMMI. LJÓSM. BZ.	151

Inngangur

Í tengslum við aðalskipulag Skagafjarðar voru eftirtaldar jarðir skráðar árið 2006: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við gerð aðalskipulags og var fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fengin til verksins. Umsjón verkefnis var í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings, en um vettvangsskráningu og skýrslugerð sá Bryndís Zoëga landfræðingur. Vettvangsvinna fór fram í ágúst og september 2006.

Sérstakar þakkir fá heimildamenn okkar þeir: Gunnar Þórðarson og Sigurmon Þórðarson frá Stóragerði, Halldór Antonsson Tumabrekku og Margrét Kristjánsdóttir Sauðárkróki fyrir upplýsingar um Stóragerði. Birgir Haraldsson, Guðrún Sigurbjörnsdóttir og Kjartan Birgisson, Bakka. Halldór Steingrímsson í Brimnesi og Steingrímur Vilhjálmsson Laufhóli. Kristín og Margrét Sigurmonsdætur frá Kolkuósi og Hallveig Pétursson Njarðvík, Torfi Ólafsson og Ingólfur Jón Sveinsson fyrir upplýsingar um Skarð.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megí enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megí halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar

rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað.

Þjörgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Svæðisskráning og aðferðir

Helstu heimildir eru kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í Sarp, sem er sameiginlegur gagnagrunnur minjavörslunnar.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. er Bakki með 146403, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), sem er 278 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar; bæjarstæði Bakka væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Bakki 146403 278 - 1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

¹ Johnsen, J. 1847.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá því hvað heimildir segja um staðhætti og lýsingu á minjum.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrmdir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfatar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smíðjur: Smíðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjað tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmannanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru

yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dila.

Stekkir: Eru smáréttir með einum dila eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Náthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Náthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru herra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á

flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til, en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Skarð

Saga

Skarðs er fyrst getið árið 1295 er það var lagt Reynistaðaklaustri við stofnun þess.² Gönguskarðsárós er nefndur á nokkrum stöðum í Landnámu. Þar er meðal annars sagt frá landnámsmanninum Skefli, sá kom í Gönguskarðsárós í sömu viku og Sæmundur hinn suðureyski, sá er nam Sæmundarhlíð. Segir í Landnámu að Skefill hafi numið allt land fyrir utan Sauðá. Síðar er getið um Arnór Skefilsson í Gönguskarði.³ Í Byggðasögu Skagafjarðar er það talið að Skefill hafi numið Gönguskörð og Reykjaströnd og að Skarð hafi áður heitið Gönguskarð (et) og nafnið hafi síðar færst yfir alla sveitina, þ.e. Gönguskörð (ft). Því hefur Arnór þá setið á jörð föður síns og Skarð þannig verið landnámsjörð.⁴

Núverandi íbúðarhús var reist 1939. Elsta þekktu bæjarstæðið stóð um 100 m norðvestar en var flutt sunnar eftir að bæinn tók af þar í krapaflóði eftir stórregn í apríl 1752. Enn standa tóftir yngra bæjarstæðis tæplega 200 m vestur af núverandi íbúðarhúsi.⁵

Hraksíða er fornt býli í landi Skarðs. Um það segir í jarðabók frá 1709: „Hraksijda heitir eitt örnefni í Skarðslandi skamt eitt frá landamerkjum milli Veðramóts og Skarðs. Þar ætla menn að fornu hafi bygð verið, eftir sem líklegt sýnist af tóttarrústum og garðaleifum, en enginn kann hjer um neitt víst að segja. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi.“⁶

Sel var við mynni Selgils í Efridal. Þar eru enn glöggar tóftir.

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðabók frá 1709 er jörðin metin á 25⁷ hundruð og sömuleiðis í jarðabók Johnsen frá 1847.⁸ Í Byggðasögu Skagafjarðar er náttúrufari lýst svo: „Næst Gönguskarðsá, austan vegarins eru grónir hvammar og mýri, framræst að hluta. Norðan þeirra þurrir og gróðurlitlir flagmóar. Næst ánni, vestan og sunnan vegarins, eru einnig grónir hvammar, en norðan þeirra lítið grónir flagmóar. Norðan Skagavegar, næst Veðramótslandi, er óræktað, hallandi mýrlendi upp að fjallsrótum, framræst að hluta. Norðan og austan þess er túnið. Norðan og vestan við túnið er mýri að fjallsrótunum, framræst að hluta. Þar vex brattinn og gróður minnkar eftir því sem ofar kemur.“⁹ Í jarðabók Árna og Páls segir: „Fóðrast kann ii kýr, i úngneyti, x lömb. Rosknu fje og hestum vogað á útigáng. Afrjett engin ut supra. Torfrista og stúnga lítt nýtandi.[...] Rekavon í meðallagi, heppnast

² Íslenzkt fornbréfasafn II, 310.

³ <http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>, kafla 60-65.

⁴ Byggðasaga Skagafjarðar (1999), 245-246.

⁵ Örnefnaskrá Skarðs, skráð eftir Ólafi Lárussyni, 1.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (1930), 9. bindi, 45.


⁷ Sama, 43.

⁸ Jarðatal Johnsen (1847), 255.

⁹ Byggðasaga Skagafjarðar (1999) I. bindi, 245.

misjafnt og lítt, í nokkur ár valla til húsa. Engjatak á jörðin í afgirtu landi í Veðramóts landi, þar sem heitir Skarðsteigur mót skipsstöðu í Skarðsfjöru. Þetta engjaítak hefur brúakast átölulaust um lángan aldur, en spillist þó mjög af grjóti og leir, sem lækir bera úr brattlendi. Túninu grandar eitt gil úr brattlendi með grjóts og sands áburði, þó hefur það ekki á aukist í nokkur ár. Engjar öngvar að telja nema hvað hent er úr holta hvömmum og vallendis brekkur. [...] Heimræði er hjer og lending sæmileg, hefur hjer áður gengið eitt skip, sem heimabóndi hefur átt, ekki fleiri“.¹⁰

Túnakort Skarðs



Gert eftir túnakorti frá 1917, höfundur þess ókunnur, tölvuteikning: BZ.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 9. bindi, 44.

Fornleifaskráning

Skarð 145958 39 - 1



1. mynd. Bærinn Skarð. Ljós. BZ.

Sérheiti: Skarð/elsta bæjarstæði

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 468629,40 N: 584763,24

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Hallveig Njarðvík Pétursson einn eigenda Skarðs.

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Efst í túnjaðrinum, niður undan mynni Bæjargilsins, eru gamlar hesthúsrústir. U.þ.b. 20 metrum neðar í túninu er elsta bæjarstæðið sem vitað er um í Skarði. Þar tók af bæinn, eða a.m.k. baðstofuna, í krapaflóði eftir stórregn 15. apríl 1752 og létust 8 manneskjur. Eftir þetta var bærinn fluttur um hartnær 200 metra á dálítinn hól syðst og efst í túninu og sjást þar tóftir hans“ (BS: I, 247).


Lýsing

Engin ummerki eru um bæinn og þarna er nú slétt tún.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Skarð 145958 39 - 2



Teikning sem sýnir tóftir í Skarðstúni.

Sérheiti: Skarð

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 468537,84 N: 584686,91

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Hallveig Njarðvík Pétursson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Efst í túnjaðrinum, niður undan mynni Bæjargilsins, eru gamlar hesthúsrústir. U.þ.b. 20 metrum neðar í túninu er elsta bæjarstæðið sem vitað er um í Skarði. Þar tók af bæinn, eða a.m.k. baðstofuna, í krapaflóði eftir stórregn 15. apríl 1752 og létust 8



manneskjur. Eftir þetta var bærinn fluttur um hartnær 200 metra á dálítinn hól syðst og efst í túninu og sjást þar tóftir hans“ (BS: I, 247). Rúma 160 m frá núverandi íbúðarhúsi á Skarði er eldra bæjarstæði.

Lýsing

Bærinn hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti og er einn torfveggur enn uppistandandi. Bæjartóftin samanstendur af leifum fjögurra herbergja. Fjögur þeirra snúa norðaustur/suðvestur en eitt suðaustur/norðvestur.

Tóftin í suðvestur horni bæjartóftarinnar: Innanmál tóftar er 2x3 m, veggir hæstir 80 sm, mesta breidd þeirra er 1 m. Það sér í torf og grjót en að öðru leyti er tóftin vel gróin.

Vestan við ofanefnda tóft eru leifar stærra húss, með steinsteyptum brotum af strompi. Innanmál er 3x8 m, veggjahæð er um 60 sm og breidd veggja um 1 m. Enginn veggur er til suðvesturs.

Áföst norðan við er tóft 8x3 m að innanmáli. Veggir eru 160 sm á hæð og breidd þeirra er um 50-70 sm. Það sér í grjóthleðslur en tóftin að öðru leyti vel gróin og vex í henni njóli. Austurhorn tóftar er rofið. Dyr yfir í næstu tóft eru til suðausturs. Um 90 sm breiður, grjóthlaðinn veggur er á milli húsa. Innanmál tóftar er 3,5x12m. Dyr hafa líklega snúið til austurs. Útveggur til suðausturs er torfhlaðinn og með samföllnu gluggaopi, gluggakarmar úr timbri. Tóftin er mjög þýfð og vel gróin. Veggir til norðausturs eru lægri. Veggjahæð er mest 140 sm og eru veggir nokkuð hrundir, breidd veggja er um 60-70 sm. Bútar úr eldavél og vaskur voru í tóftinni.

Við austurhorn bæjarins eru leifar smátóftar en veggir mót austri eru horfnir. Hústóftin er mjög þýfð og veggir um 1 m að hæð, utan torfveggjar (þess sama og getið var áður með gluggaopi) til vesturs sem er 160 sm.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Skarð 145958 39 - 3

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Matjurtagarður

Staðsetning: A: 468540,63 N: 584680,02

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir og lýsing

Við suðausturhorn gamla bæjarins er rababaragarður.

Skarð 145958 39 - 4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 468530,90 N: 584705,85

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting
Heimildamaður: Torfi Ólafsson, annar eigenda Skarðs.

Staðhættir og lýsing

Matjurtagarður er um 15 m ofan bæjarins, eða norðvestan hans. Garðlög eru utan um hann að hluta, veggir grónir og um 40-50 sm háir. Við vesturhornið eru lág veggjalög, hugsanlega af smá kofa, t.d. kartöflugeymslu. Heimildamaður segir föður sinn hafa reist þessa garða á unglingsárum.

Skarð 145958 39 - 5

Hlutverk: Óþekkt/kartöflugeymsla
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 468507,41 N: 584702,89
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir og lýsing

Matjurtagarður er ofan bæjarins, garðlög eru utan um hann að hluta, veggir grónir og um 40-50 sm háir. Við vesturhornið eru lág veggjalög, hugsanlega af smá kofa, t.d. kartöflugeymslu. Breidd allt að 1 m. Hæð um 30 sm.


Skarð 145958 39 - 6

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A: 468510,62 N: 584688,6
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting
Heimildamaður: Torfi Ólafsson

Staðhættir og lýsing

Matjurtagarður er við vesturhorn bæjarins, 9x20 m að utanmáli. Heil garðlög eru í kringum hann. Um 50 sm háir og rúmlega metra breiðir. Heimildamaður segir föður sinn hafa reist þessa garða á unglingsárum.

Skarð 145958 39 - 7



5 m

Hlutverk: Skemma
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 468558,76
N: 584708,89
Ástand: Lélegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Lítil skemma stóð norðan gamla bæjarins“ (ÖKE, 2). Um 15 m norðaustur af eldri bænum er leifar tóftar, hugsanlega skemmu eða kofa.

Lýsing

Tóftin er 2,5x2m að innanmáli. Hæð veggja mest 40 sm. Mesta breidd veggja er 1 m. Tóftin er nánast algróin en sér þó í grjóti. Veggir eru rofnir mót suðaustri og á norðurhorni. Vesturveggur er ógreinilegur.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skarðs í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð 145958 39 - 8

Hlutverk: Fjárhús?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 468568,44 N: 584707,92

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Við norðausturhorn áður skráðrar skemmu (145958 39-3) og um 140 m vestnorðvestur af bænum er niðurgráfin tóft, hugsanlega útihúsa.

Lýsing

Tóftin er niðurgráfin og útveggir sokknir. Veggur eða garði er fyrir miðju tóftar og virðist þetta vera fjárhústóft. Hún er 3x10 m að innanmáli. Garðinn er u.þ.b 50 sm breiður. Tóftin liggur austur/vestur og eru dyr mót austri.

Vegna þess hve tóftin er sokkin virðist sem hún sé eldri en bæjartóftirnar og gæti verið frá tímum elsta bæjarstæðis.

Skarð 145958 39 - 9

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 468615,31 N:

584787,12

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Hallveig Njarðvík

Pétursson



5 m

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Efst í túnjaðrinum, niður undan mynni Bæjargilsins, eru gamlar hesthúsústir.

U.þ.b. 20 metrum neðar í túninu er elsta bæjarstæðið sem vitað er um í Skarði.

Þar tók af bæinn, eða a.m.k. baðstofuna, í

krapaflóði eftir stórregn 15. apríl 1752 og létust 8 manneskjur. Eftir þetta var bærinn fluttur um hartnær 200 metra á dálítinn hól syðst og efst í túninu og sjást þar tóftir hans“ (BS: I, 247).

Rúmlega 140 m í norðvestur af bænum. beint austan við læk þann sem kemur úr Bæjargili, við mynni gilsins eru tóftir hesthúss.

Lýsing

Tóftin er tvöföld með hlöðu og tóft lítills húss við suðvesturhorn. Tóftin stendur vel og er, vel gróin en sér þó í grjót- og torfhleðslur.

Í minnstu hústóftinni við suðvesturhorn er innanmál 2x2 m, hæð veggja er um 1 m og breidd 40 sm. Veggir eru hærri til norðurs og vesturs. Útveggur til vesturs er 110 sm.

Hlaða hefur verið áföst hesthúsunum að aftan (nv) og í henni sér í torf- og grjóthleðslur. Innanmál er 2x4 m, hæð veggja um 130 sm og breidd um 100 sm. Innangengt hefur verið milli hlöðu og hesthúss.


Tvö samstæð hús hafa verið austast í tóftaþyrpingunni. Nyrðra húsið, hefur verið að innanmáli 1,2x5 m, hæð veggja eru um 140 sm og breidd þeirra um 80 sm. Veggur er rofinn til norðvestur. Dyr til suðausturs.

Syðra húsið hefur einnig verið 1,2x5 m að innanmáli. Hæsti veggur er 1,8 m. Veggir eru grjóthlaðnir að neðan en torf að ofan. Veggir eru vel gróin en sér í grjót og eitthvað timbur er í tóftinni. Dyr snúa til suðausturs.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Skarð 145958 39 - 10



Hlutverk: Hesthús, hlaða
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A: 468647,38 N: 584840,87
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn
landnýting
Heimildamaður: Hallveig
Njarðvík Pétursson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á svo-
litlu gerði, rétt fyrir norðan
hesthúsið, var hesthúskofi, er

Ólafur lét reisa í æsku. Kofann nefndi hann Litlaskarð eftir lítilli laut, sem liggur upp af honum. Hún er kölluð Litlaskarð“ (ÖKE, 1).

Norðan við laut þá sem nefnd er Litlaskarð er hóll og á honum stendur hesthústóft. Um 170 m norðnorðvestur af bænum.

Lýsing

Hesthústóft með hlöðu til norðvesturs. Tóftin er vel gróin, og sker sig nokkuð úr umhverfi, hlaðin úr torfi og grjóti.

Innanmál hlöðutóftarinnar er 2x5 m, hæð veggja er 50 sm og breidd þeirra 40 sm. Líklega hefur verið innangengt milli hlöðu og hesthúss en dyr eru ógreinilegar.

Í hesthústóftinni sér í grjóthleðslur og einnig er þar timbur og bárujárn. Dyr snúa mót suðaustri. Innanmál tóftar er 2x4,5 m, hæð veggja er 60-70 sm og breidd er um 100-110 sm.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skarðs í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð 145958 39 - 11

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 468618,37 N: 584837,36
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Tóft er 20 m norður af mynni bæjargilsins, norðan lækjar og tæplega 190 m norðvestur af bænum er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin og sér hvergi í grjót. Hún stendur efst (norðvestast) í laut sem kölluð er Litlaskarð. Innanmál tóftar er 3x5 m og breidd veggja er 110 sm. Einn innveggur virðist í tóftinni og hefur hún líklega verið tvískipt. Tóftin er opin mót norðvestri, hún snýr norðvestur/suðaustur.

Tóft þessi virðist eldri en hesthústóftirnar í kring, hugsanlega tengdar elsta bæjarstæðinu.

Skarð 145958 39 - 12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 468651,478 N: 584820,506

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Tóft er 30 metrum neðar eða austsuðaustur af áður skráðri tóft (**145958 39-11**).

Lýsing

Tóftin er hálfhringlaga og engir veggir mót norðvestri. Hæð veggja er um 40 sm og breidd veggja er um 70 sm. Hún er algróin og ekki sér í grjóthleðslur, snýr norðvestur-suðaustur.

Báðar virðast þessar tóftir nokkuð eldri en hesthústóftirnar (**145958 39 -9 og 145958 39-10**), hugsanlega tengdar elsta bæjarstæðinu.

Skarð 145958 39 - 13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðsetning: A: 468670,465 N: 584825,163

Ástand: Horfið

Staðhættir og lýsing

Sunnan við vestari garðendann (**145958 39 -14**) og austur af áður skráðri tóft (**145958 39 -12**) er svolítið svæði, smá hóll þar sem virðist sem einhver mannvirki hafi staðið en engin glögg veggjalög.

Skarð 145958 39 - 14

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 468670,95 N: 584830,87

Ástand: Gott, sumstaðar nánast horfinn

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Garður liggur 20 m austan hesthústöftar (145958 39-10) og tæpa 170 m norður af bænum.

Lýsing

Garðurinn liggur frá vestri til austurs (468766,49/584834,05) og er tæplega 110 m langur. Hann liggur norðan við lækinn sem kemur úr bæjargilinu og endar við hann í austri. Garðurinn er algróinn um 1-1,2 m á breidd og allt að 70 sm hár. Á loftmynd sést garðurinn í túninu sunnan lækjar (468803,86/584759,14), en aðeins sést smá hryggur í túninu sjálfu því sléttað hefur verið yfir hann að mestu, auk þess má sjá hann á loftmynd, í túninu vestur (468648,00/584681,74) af bænum. Miðað við afstöðu garðsins er líklega um sé að ræða túngarð elsta bæjarstæðisins.

Skarð 145958 39 - 15



5 m

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 468513,718 N: 584649,81

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Vegna landnýtingar

Heimildamaður: Hallveig Njarðvík

Pétursson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skammt suðvestan gamla bæjarins eru tóftir af þristæðufjárhúsum. Önnur þristæðufjárhús stóðu u.þ.b. 20 m beint niður af þeim. Á hól beint fyrir norðan síðarnefndu fjárhúsin var lambakofi” (ÖKE, 2).

Tvenn þristæðu fjárhús eru vestan við

núverandi íbúðarhús. Vestari húsin eru um 190 m vestan bæjar.

Lýsing

Efri (vestari) fjárhúsin snúa suðaustur/norðvestur, þreföld fjárhús með áfastri hlöðu. Þau eru hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin er vel gróin en sér í grjót á stöku stað, mest í garða sem er í miðfjárhústóftinni.

Miðhúsið hefur verið stærst 3x7 m að innanmáli. Grjóthlaðinn garði liggur eftir miðri tóftinni er u.þ.b 6 m langur en aðeins 3 metrar hans eru vel greinilegir, hinn hlutinn rofnari. Hæsti veggur frá gólfi er um 110 sm. Mesta breidd um 1 m. Dyr snúa til suðausturs.

Norðan þess hefur verið minna hús, en veggur á milli um 120 sm breiður. Innanmál tóftarinnar er um 1,5x5m. Dyr snúa mót suðaustri. Veggir eru um 60-80 sm en hæstir til suðurs, 130 sm.

Syðst hefur verið hús 2x7 m að innanmáli, dyr mót suðaustri. Mikið er hrúnið ofan í tóftina. Veggir hæstir um 1 m. Breidd veggja er um 50 sm, þó nokkuð rofnir. Hlaða vestan við er um 2x6 m að innanmáli.

Innangengt er milli miðhússins og hlöðu. Dyr á hlöðu eru líklega til suðurs. Veggir hæstir um 70 sm. Breidd veggja er minnst 50 sm, mest 3 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skarðs í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð 145958 39 - 16

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðsetning:

A: 468555,68

N: 584628,032

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn

landnýting

Heimildamaður: Hallveig

Njarðvík Pétursson

145958 39-16



5 m



145958 39-17



Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skammt suðvestan gamla bæjarins eru tóftir af þrístæðufjárhúsum. Önnur þrístæðufjárhús stóðu u.þ.b. 20 m beint niður af þeim. Á hól beint fyrir norðan síðarnefndu fjárhúsin var lambakofi” (ÖKE, 2).

Tvenn þrístæðu fjárhús eru vestan við núverandi íbúðarhús. Austari húsin eru um 150 m vestur af bænum.

Lýsing

Tóftir þrístæðra fjárhúsa með áfastri hlöðu norðvestantil. Í fjárhúsinu er steyppt fjárbað og þak hefur verið klætt bárujárni, en veggir hlaðnir úr torfi og grjóti.

Nyrsta húsið er 2ja m breitt að innanmáli en óvíst er með lengd þar sem veggir eru að mestu horfnir. Veggur til suðurs er um 45 sm breiður, mjög reglulegur úr torfi og grjóti.

Húsið sunnan við hefur verið 3x7 m að innanmáli. Veggir eru um 30 sm háir. Garði hefur verið í miðhúsinu og í honum fjárbað.

Syðsta húsið hefur verið 2x7 m að innanmáli, grjóthleðslur sjást í veggjum sem er um 30 sm háir en til norðvesturs eru þeir um 120 sm háir. Breidd veggja er um 50 sm. Þil hefur snúið mót suðaustri. Þetta hús er grónast húsanna.

Syðst hefur legið nokkuð minna hús, 1x7 m að innanmáli, tóftin er vel gróin og veggja hæð um 30-40 sm. Breidd þeirra er um 50 sm.

Hlöðutóft er áföst fjárhúsunum vestantil. Hugsanlega er hún tvískipt en erfitt að sjá það þar sem tóftin er full af ýmiskonar dóti s.s. timbri og bárujárni. Breidd veggja er allt að 1,5 m. Veggir eru rofnir og mikið hrundir. Erfitt er aðgreina hvort innangengt hafi verið milli hlöðu og fjárhúsa af þeim sökum. Innanmál hlöðu er 3x9 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skarðs í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð 145958 39 - 17

Hlutverk: Gryfja

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 468575,96 N: 584627,47

Ástand: Gott


Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir og lýsing

Um 6 m austan neðri fjárhúsanna (145958 39-16) er gryfja, 2,5 x 3m, dýpt 2-3m, hugsanlega súrheysgryfja. Austan við hana er vegleg grjóthrúga, hugsanlega hleðslugrjót úr veggjum.

Skarð 145958 39 - 18



Hlutverk: Lambakofi

Tegund: Tóftaleifar

Staðsetning: A: 468608,34

N: 584657,52

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skammt suðvestan gamla bæjarins eru tóftir af þristæðufjárhúsum. Önnur þristæðufjárhús stóðu u.þ.b. 20 m beint niður af þeim. Á hól beint fyrir norðan síðarnefndu fjárhúsin var lambakofi” (ÖKE, 2).

Tæplega 100 m vestur af íbúðarhúsi á Skarði er hól og á honum tóftaleifar.

Lýsing

Hóllinn er um 15x20 m að ummáli. Tvær tóftir virðast vera á hólnum. Greinileg tóft austan til en ógreinilegri dældir og veggjalög vestan til.

Tóftin, austanvert á hólnum, er hlaðin úr torfi og grjóti. Sá veggur sem snýr mót norðaustri er að hluta horfinn og því nokkuð styttri en veggurinn á móti. Veggjahæð er mest 50 sm og mesta breidd veggja er 60 sm. Hún er vel gróin þó sjái í grjóthleðslur. Hún liggur nálega norðvestur/suðaustur.

Vestanvert á hólnum eru veggjalög, töluvert rofin og ógreinileg og stór steinahrúga er vestast á hólnum, hugsanlega út veggjahleðslum. Tvær dældir eru á milli tóftarinnar og ógreinilegri veggjalaganna sem benda til þess að tóftin hafi annaðhvort verið stærri eða að tvær tóftir hafi verið á hólnum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skarðs í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð 145958 39 - 19

Sérheiti: Brattagata

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Áður lágu reiðgötur af Reykjaströnd úr Flóanum og yfir Leirdal og þaðan eftir Nöfunum. Syðst á horninu á Nöfunum skáskar gatan hornið niður að Gönguskarðsánni. Þar heitir gatan Brattagata. Undir þessu horni riðu Reykstrendingar ána” (ÖKE, 2).

Lýsing

Gatan er nú horfin á þessum stað. Þegar skráning fór fram var verið að leggja veg til Sauðárkróks syðst á Nöfunum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skarðs í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð 145958 39 - 20

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 468393,28 N: 584787,90

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ágangur búfjár

Heimildamaður: Torfi Ólafsson

Staðhættir

Götu lágu ofan við túnið á Skarði til vesturs og yfir Hraksíðuá. Göturnar eru greinilegar og sjást auk þess vel á loftmynd.

Skarð 145958 39 - 21

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Torfi Ólafsson

Staðhættir

Götur lágu ofan við túnið á Skarði til vesturs og yfir Hraksíðuá. Göturnar eru greinilegar og sjást auk þess vel á loftmynd. Vað var á Hraksíðuánni þar sem göturnar náðu ánni en ekki þekkti Torfi nafnið á því.

Skarð 145958 39 - 22

Sérheiti: Skógarvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Torfi Ólafsson

Staðhættir

Vað var yfir Hraksíðuá í svonefndum Skógarhvammi, kallað Skógarvað.

Skarð 145958 39 - 23

Sérheiti: Svínakelduvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 469834 N: 584721

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „U.þ.b. 100 m neðan við brúna var vað á Gönguskarðsá nefnt Svínakelduvað” (ÖKE, 4).

Lýsing

Austan við Gönguskarðsárbrúna er hvammur og sandeyrar meðfram ánni. Um 250 m norðvestur af brúnni er Svínakelduvað (Sjá einnig fornleifaskráningu Sauðár).

Nánari lýsing

“Nafnið er dregið af svonefndri Svínakeldu, sem kemur úr Svínakelduhvammi sunnan Gönguskarðsár. Þetta er feiknastór hvammur, og liggur Svínakelduvað undan honum” (ÖKE, 4).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Skarðs í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð 145958 39 - 24

Sérheiti: Stekkjarlaut

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 469066,759 N: 584588,798

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægðar við vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þjóðvegurinn upp frá Gönguskarðsárbrú skiptist syðst á svokölluðum Löngubrekumel, annars vegar til norðurs út á Reykjaströnd, hins vegar

til suðvesturs upp í Gönguskörð. Sunnan vegarins er Stekkjarlaut og efst í henni sunnan megin er rúst af litlum stekk í brekkuhorni“ (BS: I, 247). Í örnefnaskrá segir: “Sunnan við og upp af Löngubrekumel er áður nefnd Stekkjarlaut, sem sker í sundur Melana eða Skarðsmelana eins og þeir eru einnig nefndir. Stekkjarlaut er breið og grösug. Efst í henni var stekkur” (ÖKE, 4).

Lýsing

Stekkjartóftin stendur á lágum hól og er tóftin um 6x7 m að ummáli, um 350 m austsuðaustur af íbúðarhúsi á Skarði. Tóftin er um 2 m austur af girðingu. Hóllinn er grænn og sker sig úr umhverfi. Hann var mjög gróinn þegar skráning fór fram og erfitt að greina útlínur veggja. Hæð er um 20 sm.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Örnefnaskrá Skarðs í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð 145958 39 - 25

Sérheiti: Skipagil

Hlutverk: Höfn

Tegund: Lending

Staðsetning: A: 469787,55 N: 585286,46

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skipagil er um miðjan Skarðskrók milli Leirdals og Gönguskarðsáróss en Leirdalslækur markaði norðurlandamerki Skarðs. Þar þótti lending sæmileg í mjórri malarfjöru og voru bátar drengir í sátur upp í gilið sem er þröngt og fremur lítið. Mannvirki eru lítt greinanleg í Skipagili” (BS: I, 247). Um það segir í Jarðabók frá 1709: „Heimræði er hjer og lending sæmileg, hefur hjer áður gengið eitt skip, sem heimabóndi hefur átt, ekki fleiri. Nú á heimabóndinn ekkert skip og því gengur hjer ekkert“ (JÁM, 44). Í örnefnaskrá segir: „U.þ.b. miðja vegu milli Gönguskarðsár og Leirdals gengur Skipagil upp í Nafirnar. Var þar uppsátur fyrr á tímum og voru bátar settir upp í gilið, þá er mikið brimaði, því fjaran er mjó, og hefur sjór því gengið upp í bakka“ (ÖKE, 2).

Lýsing

Þegar skráning fór fram voru vegaframkvæmdir í gangi og verið var að leggja veg til Sauðárkróks ofan við gilið. Samkvæmt heimildamanni voru tóftir í Skipagili og sá hann síðustu veggjaleifarnar vorið 2006. Nú liggur skriða ofan í gilið og var ekki hægt að sjá þar neinar tóftir þegar skráð var þar á vettvangi.

Heimildaskrá


Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

Örnefnaskrá Skarðs í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð 145958 39 - 26

Hraksiða



Sérheiti: Hraksiða

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 468302,04 N: 584132,97

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hraksiða (65.45.19/19.41.49) er fornbyli í landi Skarðs rétt utan við Hraksiðuána, stuttan spöl ofan þjóðvegjar. Utan við ána liggur bíslóð upp í Skógarhvammi þaðan sem neysluvatn er tekið til Sauðárkróks. Fer vegarslóðin yfir bæjarhólinn og lítinn hluta af rústunum. Þarna er langur grasi gróinn hvammur utan við ána, að hluta til innan vallargarðs sem rekur sig nokkuð glögglega umhverfis býlið, með stuttum rofum þó. Má finna húsarústir á a.m.k. fimm stöðum” (BS: I, 248).

Skömmu áður en skráning fór fram var vegslóði sá sem lá yfir bæjarstæðið á Hraksiðu breikkaður með því að bera í hann sand. Auk þess sem að kantar voru að einhverju leyti sléttaðir. Eitthvað af tóftum mun hafa farið undir veg við þessar framkvæmdir.

Býlið Hraksíða, stendur norðan Hraksíðuár, um 100 m ofan núverandi þjóðvegur. Gamli vegurinn lá áður beint neðan túngarðs [ath að vegaframkvæmdir eru í gangi og bæði er verið að breikka veg og hliðra honum til suðausturs neðan Hraksíðu].

Í dag sjást á Hraksíðu tveir gamlir túngarðar, sem rekja má að hluta, hringinn í kringum býlið. Aðeins eru tvær tóftir sem ekki eru farnar undir veg (Hjalti Pálsson telur 5 tóftir).

Lýsing

Óvíst er hvar bæjarhúsin stóðu, en punktur var tekinn á bæjarhólnum þar sem hann er hæstur.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Skarð 145958 39 - 27

Sérheiti: Hraksíða

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 468312,30 N: 584141,50

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hraksíða (65.45.19/19.41.49) er fornbyli í landi Skarðs rétt utan við Hraksíðuána, stuttan spöl ofan þjóðvegur. Utan við ána liggur bíslóð upp í Skógarhvatn þáðan sem neysluvatn er tekið til Sauðárkróks. Fer vegarslóðin yfir bæjarhólinn og lítinn hluta af rústunum. Þarna er langur grasi gróinn hvammur utan við ána, að hluta til innan vallargarðs sem rekur sig nokkuð glögglega umhverfis býlið, með stuttum rofum þó. Má finna húsarústir á a.m.k. fimm stöðum” (BS: I, 248).

Lýsing

Norðan við veg er tóft sem fer að hluta undir veg. Hún er 2x3m að innanmáli, 50 sm á dýpt. Tóftin er niðurgrafin og myndar bolla og því eru ekki greinilegir útveggir.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Skarð 145958 39 - 28

Sérheiti: Hraksíða

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 468310,51 N: 584121,3

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegaframkvæmdir

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hraksíða (65.45.19/19.41.49) er fornbýli í landi Skarðs rétt utan við Hraksíðuána, stuttan spöl ofan þjóðveggar. Utan við ána liggur bíslóð upp í Skógarhvatn þáðan sem neysluvatn er tekið til Sauðárkróks. Fer vegar slóðin yfir bæjarhólinn og lítinn hluta af rústunum. Þarna er langur grasi gróinn hvammur utan við ána, að hluta til innan vallargarðs sem rekur sig nokkuð glögglega umhverfis býlið, með stuttum rofum þó. Má finna húsarústir á a.m.k. fimm stöðum” (BS: I, 248).

Lýsing

Heimildamenn: Birgir Haraldsson, Kjartan Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Við Bakkakot er ávalur, stærðar hól. Norðan við hólinn er laut með einkennilegum þúfum. Fólk taldi að þar væri kirkjugarður úr bólunni” (ÖSPÍ, 9). Og síðar segir: „Björn kannast ekki við að hafa heyrt minnst á bænhús á Bakka, og ekki að mannabein hafi fundist í grennd við bæinn. Hins vegar fannst mannabein á Bakkakoti á árunum 1935-39, þar stóð leggur út úr þúfu, og var hann talinn vera úr manni. Þetta var í dældinni norðan við Bakkakotshólinn, en þúfurnar þar eru einsog leiðisþúfur, eins og fyrr er sagt” (ÖSPÍ, 13).

Lýsing

Norðan við Bakkakotshól er dæld, 14x12 m að ummáli. Í henni er nokkuð af þúfum sem flestar liggja nálega norður/suður. Ekki er hægt að segja nema með frekari rannsókn um hvort kirkjugarð sé að ræða.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-42

Sérheiti: Bakkakot

Sérheiti: Leiði kerlingarinnar á Bakkakoti

Hlutverk: Gröf

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Ástand: Ómetið

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Almenn landnýting og nálægð við vatnsfall.

Heimildamaður: Birgir Haraldsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sagt er, að þegar stórabóla gekk yfir byggðina, hafi allir á Bakkakoti dáið nema ein kerling, sem var eftir það einbúi á kotinu. Þegar hún dó var hún jörðuð í Bakkakotskrók, beint á móti Bakkakoti. Þar er stór þúfa sem var kölluð Leiði kerlingarinnar á Bakkakoti” (ÖSPÍ, 12).

Lýsing

Leiði kerlingar er í hvamminum gegnt Bakkakoti, til suðvesturs en ekki myndir Birgir nákvæmlega hvar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-43

Sérheiti: Bakkakot

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Birgir Haraldsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Nyrst á túninu á Bakkakoti var lítill blettur, nokkrir fermetrar, sem ekki mátti slá. Þar spratt vallhumall og lyfjagrös í stórum stíl, sem ekki voru annars staðar. E.t.v. stóð þetta í sambandið við gömlu konuna á Bakkakoti” (ÖSPÍ, 12).

Lýsing

Nyrsti hluti túnsins þýfður og grasi gróinn og gróður sá sami og í hinum hluta túnsins. Því er óvíst hvar álagabletturinn hefur verið. Heimildamaður hefur ekki heyrt getið um þennan álagablett, né annan í landi Bakka.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-44

Sérheiti: Bakkakot

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 482574,739 N: 585835,220
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting
Heimildamenn: Birgir Haraldsson, Kjartan Birgisson

Staðhættir

Tvær tóftir liggja áfastar túngarðinum að suðvestan um 40 m norðvestan bæjarhúsatófta á Bakkakoti.

Lýsing

Tóftirnar eru samliggjandi og liggja þær nálega norður/suður í smá boga upp við túngarðinn sem myndar vesturvegg tóftanna. Nyrst er tóft gripahúss með áfastri hlöðu. Innanmál tóftar er 3x6 m, hæð veggja er 60-70 sm en veggir lægri í hlöðutóftinni. Breidd þeirra er 50 sm. Innanmál hlöðu er 1,5x2 m og hæð veggja er 40-60 sm. Innangengt hefur verið á milli. Hugsanlega hafa verið dyr á hlöðunni til norðausturs og líklega hafa verið dyr á gripahúsinu til suðausturs en þar er veggur nokkuð rofinn. Tóftin er algróin og sér hvergi í grjót. Sunnan við og áfastar þessum tóftum (482571,789/585828,302) eru tvær samliggjandi tóftir eða tvískipt tóft. Innanmál nyrðri tóftarinnar er 2x2,5 m. Vesturveggur (túngarðurinn) er um 60 sm en aðrir veggir 30-40 sm. Dyr eru líklega á tóftinni til austurs. Veggur er í tóftinni 40-50 sm breiður. Syðsta tóftin er 2,5x2,5 m að innanmáli. Veggir eru um 30-45 sm á hæð. Dyr eru til suðurs og rof er á túngarðsveggnum til vesturs sem gæti einnig verið dyr. Tóftirnar eru algrónar og hvergi sér í grjót.

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.
Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá fyrir Bakka (1978). Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-45

Sérheiti: Bakkakot
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 482615,987 N: 585793,498
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting
Heimildamenn: Birgir Haraldsson, Kjartan Birgisson

Staðhættir

Austur undir Bakkakotshólnum er fremur óljós tóft.

Lýsing

Hún liggur að hluta til upp í hólnum, þ.e. norðaustur veggur hennar. Veggir eru um 15-20 sm háir og er innanmál 3x7 m. Dyr eru til suðurs. Tóftin liggur austur/vestur.

Bakki 146403 278-46

Sérheiti: Bakkakot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 482597,661 N: 585797,023

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamenn: Birgir Haraldsson, Kjartan Birgisson

Staðhættir

Um 12 m vestur af áður skráðri tóft [146403 278-45] eru hugsanlega leifar annarrar tóftar.

Lýsing

Dæld er í landslagið, um 2x2 m að ummáli og virðist sem hugsanlega sé veggjalag til suðurs. Aðrir útveggir sjást ekki og hugsanlega gæti verið um náttúrulega dæld að ræða.

Bakki 146403 278-47

Sérheiti: Bakkakot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 482628,683 N: 585785,009

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamenn: Birgir Haraldsson, Kjartan Birgisson

Staðhættir

Um 18 m austur af bæjartóftinni er niðurgröftur sem líklega eru einhverskonar tóftaleifar.

Lýsing

Austari hluti tóftarinnar er að innanmáli 1,5x2 m, hæð veggja er 4 sm og breidd þeirra er 30 sm. Veggir eru rofnir og því ekki hægt að greina dyraop. Vestan (482625,718/585783,977) við er önnur tóft, 3x5 m að innanmáli, hæð frá gólfi er 45 sm. Engar dyr sjáanlegar.

Bakki 146403 278-48

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 482508,36 N: 585680,008

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Austur undir Torfumel um 560 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Bakka er garðlag.

Lýsing

Garðurinn er tæplega 60 m langur og liggur í boga frá norðri til austurs. Hann virðist gamall, er lynggróinn og hlaupinn í þúfur. Hæð hans er um 30-40 sm og breidd um 1 m. Hann liggur frá norðurenda Torfumels að Bakkakotsmýri í austri (482538,890/585678,616).

Bakki 146403 278-49

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft?

Staðsetning: A: 482532,429 N: 585705,942

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Austur undir Torfumel um 560 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Bakka er garðlag og tvær hugsanlegar tóftir.

Lýsing

Um 25 m austur af nyrðri garðendanum (146403 278-45), á bakkanum ofan við Bakkakotsmýri er dæld 2x4 m. Dældin er nokkuð slétt og sker sig úr umhverfi sem bent gæti til þess að einhverskonar mannvirki gæti hafa staðið þar.

Bakki 146403 278-50

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft?

Staðsetning: A: 482521,164 N: 585699,576

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Austur undir Torfumel um 560 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Bakka er garðlag og tvær hugsanlegar tóftir.

Lýsing

Um 13 m austur af nyrðri garðendanum (146403 278-45), á bakkanum ofan við Bakkakotsmýri er niðurgrafið svæði 2x3 m að innanmáli. Mjög mikill gróður var á svæðinu og þýft þannig að erfitt var að greina hvort um veggjalög eða náttúrulega dæld er að ræða.

Bakki 146403 278-51

Sérheiti: Torfumelur

Hlutverk: Torfþurrkunarstaður

Tegund: Heimildaskrá

Staðsetning: A: 482481,732 N: 585675,378

Ástand: Gott

Heimildamaður: Birgir Haraldsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan og neðan við Bakkakotsmýrina er melur sem hét Torfumelur. Þar var þurrkað torf” (ÖSPÍ, 10).

Lýsing

Punktur var tekinn á mel um 500 m norðaustur af íbúðarhúsinu og um 160 m suðvestur af Bakkakoti.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-52



Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 482557,500 N: 585096,686

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamenn: Birgir Haraldsson og Kjartan Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Beint upp af Litlamel var myllan við bugðu á Bakkalæknum (vestan við lækinn)” (ÖSPÍ, 9).

Um 560 m austsuðaustur af íbúðarhúsinu eru tóftir myllu.

Lýsing

Tóftin er algróin og nokkuð þýfð að innan. Hún er 3x3 m að utanmáli, veggir frá 40 sm til 1 m á breidd. Hæð veggja er um 20 sm. Aðrennsli hefur verið í mylluna úr suðri og frárennsli til norðurs. Lækur liggur í bugðu austan tóftar. Austan við tóftina er uppgröftur 5x4 m að innanmáli, tilraun ungra drengja til að gera sundlaug.

Nánari lýsing

„Björn [átt er við Björn H. Jónsson sem fæddur er á Bakka] man eftir mylluhúsinu, það var þá uppistandandi en hætt var að nota það. Myllutóftin er lítil, en austan við hana er niðurgroftur svæði, 6x7 m, þar sem Björn og bræður hans ætluðu að gera sundpoll” (ÖSPÍ, 9).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-53

Hlutverk: Þvottalaug

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Við lækinn, nokkru norðan við mylluna, var ullin þvegin” (ÖSPÍ, 9).

Lýsing

Ekki sáust nein merki um þvottastaðinn.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-54

Sérheiti: Sjónarhóll

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Kjartan Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Dýjamýri og Bakkakotsmela er langur og hár melhóll sem heitir Sjónarhóll. Hann er hæstur um miðjuna, við vörðu sem þar var” (ÖSPÍ, 10).

Lýsing

Punktur tekinn á Sjónarhól um 1,3 km norðaustur af íbúðarhúsinu á Bakka. Varðan er horfin.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-55

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Grjóthleðsla

Staðsetning:

A: 482824,26

N: 586275,84

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn
landnýting**Staðhættir**

Á suðurenda hól, rúma 1200 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Bakka og 150 m suður af Sjónarhól



17. mynd. Smalakofatóft. Ljósm. BZ.

er smalakofatóft.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og liggur í boga, opin til suðausturs. Hæð hleðslunnar er mest um 30 sm. Breidd veggja um 30-40 sm og dyr eru 70 sm. Gular skófir eru á grjóti.

Bakki 146403 278-56



18. mynd. Leifar vörðu. Ljós. BZ.

Varðan er alveg hrúnin, ummál hennar er um 1x1 m.

Hlutverk: Varða
Tegund: Grjóthleðsla
Staðsetning:
A: 482813,221
N: 586165,732
Ástand: Lélegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn
landnýting

Staðhættir

Um 110 m suður af áður skráðri smalakofatóft (146403 278-55) og rúma 1100 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Bakka eru leifar vörðu.

Lýsing

Bakki 146403 278-57


Hlutverk: Varða
Tegund: Grjóthleðsla
Staðsetning: A: 482798,743 N: 586153,007
Ástand: Lélegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Um 17 m suðvestur af áður skráði vörðu og um 1080 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Bakka er vörðuleif.

Lýsing

Varðan er alveg hrúnin, ummál hennar er tæplega 1x1 m.

Bakki 146403 278-58

Hlutverk: Beitarhús
 Tegund: Tóftaleifar
 Staðsetning:
 A: 482539,866
 N: 586331,767
 Ástand: Lélegt
 Hættumat: Lítil hætta
 Hættuorsök: Almenn
 landnýting og áfok
 Heimildamenn: Birgir
 Haraldsson, Kjartan
 Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á milli Bakkalækjar og Brimneslækjar er Bakkamór, [...]. Talsverðar rústir eru efst í Bakkamónum, rétt neðan við gamla veginn; líklega rústir beitarhúsa” (ÖSPÍ, 10).

Um 1080 m norðnorðaustur af íbúðarhúsinu og norður af Lækjarhvammi eru leifar tófta.

Lýsing

Í örnefnalýsingu er sagt að líklega um beitarhúsatóftir sé að ræða en við vettvangsathugun í ágúst 2006 var ómögulegt að sjá nokkurt greinilegt veggjalag til þess að hægt væri að álykta um hlutverk þessara minja. Um er að ræða hól um 8x23 m að utanmáli sem liggur norðvestur/suðaustur. Hann er algróinn og virðist sem á honum hafi legið tóft en erfitt er greina veggjalög, bæði sökum gróðurs og vegna þess að hóllinn er þýfður. Við norðvesturenda hans er greinileg veggjalög, hugsanlega endi tóftar sem legið hefur norðaustur/suðvestur. Nyrðri veggur er lengri um 4 m en sá syðri um 2 m. Veggirnir eru algrónir um 30-40 sm á hæð. Þar suðvestan við er hugsanlega tóft, þó er hún mjög ógreinileg og algróin. Innanmál er 2x3m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-59

Hlutverk: Garður?

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 482510,526 N: 586323,533

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamenn: Birgir Haraldsson, Kjartan Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á milli Bakkalækjar og Brimneslækjar er Bakkamór, [...]. Talsverðar rústir eru efst í Bakkamónum, rétt neðan við gamla veginn; líklega rústir beitarhúsa” (ÖSPÍ, 10). Um 1080 m norðnorðaustur af íbúðarhúsinu og norður af

Lækjarhvammi eru leifar tófta. Samkvæmt Kjartani Birgissyni var þarna áður uppfoka land sem nú er búið að græða og gæti það meðal annars átt sök á lélegu ástandi minja.

Lýsing

Suðvestan við tóftaleifarnar (146403 278 - 59) er hryggur, hugsanlega garður, um 21 m á lengd og 2 m á breidd. Algróinn, um 30x40 sm á hæð þar sem hæstur er. Hann er ávalur en sker sig nokkuð úr umhverfi.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-60

Hlutverk: Rétt?

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 482411,981 N:
586204,260

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting
og áfok

Heimildamaður: Kjartan Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á milli Bakkalækjar og Brimneslækjar er Bakkamór, [...]. Talsverðar rústir eru efst í Bakkamónum, rétt neðan við gamla veginn; líklega rústir beitarhúsa” (ÖSPÍ, 10).


Í hánorður frá Lækjarhvammi og um 920 m suðsuðvestur af íbúðarhúsi á Bakka er tóft.

Lýsing

Tóftin er nánast hringlaga, 6x6 m að innanmáli, hæð veggja er 45 sm og breidd þeirra er um 60 sm. Veggir eru nokkuð rofnir, hlið virðast vera til norðvesturs. Tóftin stendur á hól og gæti verið byggð ofan á eldra mannvirki, er mannvirkið er eins og bolli ofan í hólinn. Veggir eru algrónir og hólinn og tóftin skera sig úr umhverfi. Umhverfis hólinn er gróið slétt land, segir Kjartan Birgisson að þar hafi áður verið uppfoka land sem hann hefur verið að græða upp síðustu árin. Óvíst er hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt, en hugsanlega er um að ræða einhvers konar gripheldi.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.



Bakki 146403 278-61

Hlutverk: Torfrista

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Ágætis torfrista var í Bakkakotsmýrinni og Gjánni” (ÖSPÍ, 10).

Lýsing

Engin sjáanleg merki um torfristu fundust í Gjánni.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-62

Hlutverk: Torfrista

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Ágætis torfrista var í Bakkakotsmýrinni og Gjánni” (ÖSPÍ, 10).

Lýsing


Engin sjáanleg merki um torfristu fundust í Bakkakotsmýri.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-63

Lækjahvammur



Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning:

A: 482390,830

N: 586077,387

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil
hætta

Hættuorsök: Búið
er að planta trjám í
tóftina.

Heimildamaður:

Birgir Kjartansson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir:
„Norðan í Bakka-
gilinu var Neðsti-
hvammur niður

undir gilsenda, og Lækjarhvammur, allstór, þar sem þjóðvegurinn lá yfir gilið vestan við Bakkakot. [...]. Í Lækjarhvammi voru tóftarbrot á tveimur stöðum fyrir austan veginn” (ÖSPÍ, 10).

Tóftirnar liggja nyrst í Lækjarhvammi um 780 m norðnorðaustur af íbúðarhúsinu á Bakka.

Lýsing

Tvískipt tóft, líklega stekkur. Tóftin er algróin, 10x8 m, að utanmáli og hvergi sér í grjóthleðslur. Hún liggur nálega norðvestur/suðaustur og liggur lambakróin til suðausturs. Ekki er innangengt á milli tóftanna og breidd á millivegg er 70 sm. Dyr snúa til suðvesturs. Tóftin er hlaðin upp við brekkuna ofan við, þ.e. norðaustur hlið hennar. Breidd veggja er um 1 m, hæð þeirra um 30-40 sm nema til norðausturs, þar sem þeir eru um 110 sm. Runnar hafa verið gróðursettir í veggina til suðurs, vesturs og norðurs.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-64

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 482395,969 N: 586028,468

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Búið er að planta trjám í tóftina.

Heimildamaður: Birgir Kjartansson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðan í Bakkagilinu var Neðstihvammur niður undir gilsenda, og Lækjarhvammur, allstór, þar sem þjóðvegurinn lá yfir gilið vestan við Bakkakot. [...]. Í Lækjarhvammi voru tóftarbrot á tveimur stöðum fyrir austan veginn” (ÖSPÍ, 10).

Syðst í Lækjarhvammi og um 760 m norðnorðaustur af íbúðarhúsinu á Bakka eru tóftir útihúsa.

Lýsing

Tóftin er tvöföld, hugsanlega fjárhústóft. Hún sker sig vel úr umhverfi. Mikill gróður var á tóftinni þegar skráning fór fram og því erfitt að greina veggjalög nákvæmlega. Tóftin liggur nálega austur/vestur. Innanmál syðri hústóftarinnar er 2x9 m, hæð veggja um 90 sm og breidd þeirra 120 sm. Breidd veggjar á milli húsa er 70 sm. Nyrðri hústóftin er 1,5x7 m að innanmáli, hæð veggja er 60 sm og breidd þeirra um 1,2 m en mest 3 m. Hugsanlegt er að innveggir séu í tóftinni en erfitt var að greina það. Austan við tóftina eru tré og runnum hefur verið plantað í vegginn milli húsanna.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-65

Hlutverk: Reiðgötur

Tegund: Leið

Staðsetning: A: 482845,92 N: 586414,41

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Gamla reiðgötu lág ofan við Sjónarhólinn, frá Bakkakoti í Brimnes” (ÖSPÍ, 10).

Lýsing

Götu sjást austan undir Sjónarhóli og einnig á hólum suður af.

Heimild

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-66

Hlutverk: Reiðgötu

Tegund: Leið

Staðsetning: A: 482844,07 N: 586320,11

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Gamla reiðgötu lág ofan við Sjónarhólinn, frá Bakkakoti í Brimnes” (ÖSPÍ, 10).

Lýsing

Gata liggur norður undan hól þeim sem er suður af Sjónarhóli.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-67



19. mynd. Bakkavör, horft er til suðausturs. Ljós. BZ.

bænum á Bakka er Bakkavör.

Sérheiti: Bakkavör

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 481717,79

N: 586135,94

Heimildamaður: Birgir Haraldsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Nokkur hundruð metrum norðan við vallargarðinn gengur Karlsnesið fram í sjóinn. Sunnan undir því var Bakkavör. Þar var hægt að lenda stærri bátum” (ÖSPÍ, 11). Rúma 800 m norðnorðvestur af

Lýsing

Landslag er síbreytilegt á þessu svæði vegna ágangs sjávar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403-278-68

Hlutverk: Lending

Tegund: Vík

Staðsetning: A: 481674,03 N: 586194,41

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ágangur sjávar

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðan á Karlsnesinu var vogur, þar sem hægt var að lenda þegar var sunnanátt” (ÖSPÍ, 11).

Vogurinn liggur rúmlega 900 m norðnorðvestur af bænum á Bakka.

Lýsing

Landslag er síbreytilegt á þessu svæði vegna ágangs sjávar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-69

Hlutverk: Naust

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 481707,501

N: 586171,928

Ástand: Sæmilegt


Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ágangur sjávar

Heimildamenn: Birgir Haraldsson og Kjartan Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Engin sérstök örnefni voru uppi á Karlsnesinu, en þrjú naust voru þar” (ÖSPÍ, 11). Og síðar segir: „Brotbakkinn á Karlsnesinu er nú alveg við tóftirnar. Birgir hefur það eftir Jóni Björnssyni að ytri tóftin hafi verið kofi; þar sem geymt var ýmislegt viðvíkjandi sjósókn. Búið er að taka grjót úr rústinni. Syðri tóftin, sem er talsvert stærri, var



naust fyrir þrjá báta” (ÖSPÍ, 19). Í örnefnaskrá Sverris Björnssonar segir: „Nokkurn spöl norðan við Bakkatún skagar nes fram í sjóinn og heitir það **Karlsnes** (29); þar eru bátanaust” (ÖSB, 2).

Tóftin stendur fremst á tanga um 880 m norðnorðvestur af íbúðarhúsinu á Bakka.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin, hrunin og aðeins eru undirstöður hleðslunnar eftir. Tóftin er opin til norðurs. Innanmál er 3x1,5m, hæð veggja er 30 sm og breidd þeirra um 40-50 sm. Mosi og gras er inni tóftinni en lágvaxinn lynggróður og gras utan við. Rekaviður liggur í tóftinni.

Nánari lýsing

„Þar voru geymdir yfir veturinn sexæringur, fjóræringur og fjórróinn prammi” (ÖSPÍ, 11).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá fyrir Bakka (1978). Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-70

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 481711,80 N: 586187,21

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ágangur sjávar

Heimildamenn: Birgir Haraldsson og Kjartan Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Engin sérstök örnefni voru uppi á Karlsnesinu, en þrjú naust voru þar” (ÖSPÍ, 11). Og síðar segir: „Brotbakkinn á Karlsnesinu er nú alveg við tóftirnar. Birgir hefur það eftir Jóni Björnssyni að ytri tóftin hafi verið kofi; þar sem geymt var ýmislegt viðvíkjandi sjósókn. Búið er að taka grjót úr rústinni. Syðri tóftin, sem er talsvert stærri, var naust fyrir þrjá báta” (ÖSPÍ, 19). Um 7 m norðan við skráð naust (146403 278-61) og um 890 m norðnorðvestur af íbúðarhúsinu á Bakka er kofatóft.

Lýsing

Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Innanmál tóftar er 2x3 m, hæð veggja er um 30-40 sm og breidd þeirra mest 1,5 m. Dyr eru á tóftinni til suðurs. Tóftin liggur alveg frammi á bakkanum og er suðvesturhorn hennar hrúð fram fyrir bakkann. Tóftin er í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.

Nánari lýsing

„Þar voru geymdir yfir veturinn sexæringur, fjóræringur og fjórróinn prammi” (ÖSPÍ, 11).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-71

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Birgir Haraldsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Bakkalækinn voru rústir aðeins upp með læknum” (ÖSPÍ, 11).

Lýsing

Rústirnar fundust ekki við skráningu haustið 2006 og Birgir Haraldsson kannaðist ekki við tóftir á þessum stað.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-72

Hlutverk: Beinafundur

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Birgir Haraldsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á bakkanum norðan við Langabásinn á Karlsnesinu var þúst eða þúfa. Þegar Björn var unglingur braut úr bakkabrúninni, og komu þar í ljós mannabein, m.a. neðri kjálki, sem Björn hefur haft sem verndargrip og á enn í þússi sínu. Greinilegt var að þarna hafði verið dysjaður maður. Eitthvað fleira af beinum var tekið og þau sett niður í kirkjugarð í Viðvík í tíð séra Guðbrands Björnssonar. Aldrei var grafið í þessa dys, bara tekið það sem kom í ljós” (ÖSPÍ, 13).

Lýsing

Staðsetning beinafundar ekki þekkt.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403-278-73

Sérheiti: Lundey, Ytritóftir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðarlega á eyinni [Lundey] voru Ytritóftir, og nálægt miðri eyinni, eða nokkru sunnar Syðritóft. Skammt þar frá voru gamlar brunnleifar, sem sagt var að Hólamenn hefðu notað, þegar þeir voru þarna með kálfa eða kýr. Hafa þeir eflaust haft skýli á eyinni, og gætu tóftirnar verið leifar af því. Syðst og austast á eyinni var uppistandandi kofi með spýtnaárefti” (ÖSPÍ, 14-15).

Lýsing

Ekki var skráð í Lundey 2006

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-74

Sérheiti: Lundey

Sérheiti: Syðritóft

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðarlega á eyinni [Lundey] voru Ytritóftir, og nálægt miðri eyinni, eða nokkru sunnar Syðritóft. Skammt þar frá voru gamlar brunnleifar, sem sagt var að Hólamenn hefðu notað, þegar þeir voru þarna með kálfa eða kýr. Hafa þeir eflaust haft skýli á eyinni, og gætu tóftirnar verið leifar af því. Syðst og austast á eyinni var uppistandandi kofi með spýtnaárefti” (ÖSPÍ, 14-15).

Lýsing

Ekki var skráð í Lundey 2006

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-75

Sérheiti: Lundey

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðarlega á eyinni [Lundey] voru Ytritóftir, og nálægt miðri eyinni, eða nokkru sunnar Syðritóft. Skammt þar frá voru gamlar brunnleifar, sem sagt var að Hólamenn hefðu notað, þegar þeir voru þarna með kálfa eða kýr. Hafa þeir eflaust haft skýli á eyinni, og gætu tóftirnar verið leifar af því. Syðst og austast á eyinni var uppistandandi kofi með spýtnaárefti” (ÖSPÍ, 14-15).

Lýsing

Ekki var skráð í Lundey 2006

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-76

Sérheiti: Lundey

Hlutverk: Kofi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðarlega á eyinni [Lundey] voru Ytritóftir, og nálægt miðri eyinni, eða nokkru sunnar Syðritóft. Skammt þar frá voru gamlar brunnleifar, sem sagt var að Hólamenn hefðu notað, þegar þeir voru þarna með kálfa eða kýr. Hafa þeir eflaust haft skýli á eyinni, og gætu tóftirnar verið leifar af því. Syðst og austast á eyinni var uppistandandi kofi með spýtnaárefti” (ÖSPÍ, 14-15).

Lýsing

Ekki var skráð í Lundey 2006

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-77

Sérheiti: Lundey

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Syðst og austast á eyinni [Lundey] var uppistandandi kofi með spýtnaárefti. Æðarkollur verptu stundum þar inni. Suðaustan í bakkanum hét Kofabrekka. Fram af kofanum, við bakkann, var stundum lent” (ÖSPÍ, 15).

Lýsing

Ekki var skráð í Lundey 2006

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-78

Sérheiti: Vesturvogur

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Þægilegt var að lenda í Lundey, því velja mátti landingarstað eftir vindátt. Vestan á eyinni er Vesturvogur. Þar var mjög góð höfn og alveg öruggt að láta báta liggja í norðanátt. Þegar hey var flutt úr eyinni voru baggarnir bornir að heyklöppum norðaustan á eyinni. Þar var hyldjúpt og hægt að leggja báti að til að hlaða hann. Vestan við klappirnar er lítill vogur, Norðausturvogur” (ÖSPÍ, 15).

Lýsing

Ekki var skráð í Lundey 2006

Nánari lýsing

„Þegar hey var flutt úr eyinni voru baggarnir bornir að heyklöppum norðaustan á eyinni. Þar var hyldjúpt og hægt að leggja báti að til að hlaða hann. Vestan við klappirnar er lítill vogur, Norðausturvogur” (ÖSPÍ, 15).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-79

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Birgir Haraldsson

Staðhættir

Í Landamerkjaskrá fyrir Bakka segir: „Að austan ræður bein stefna frá vörðu, sem hlaðin er við Þrígil sunnan við Brimneslæk, suður efra Kílholt og eftir sömu stefnu suður fyrir holtið að Bugalæk; þaðan suðvestur yfir flóann beina stefnu í vörðu, sem hlaðin er í Háasundsholti, þaðan beint á stefnu vestur yfir norðanverðan Lónsás í stóran stein, er stendur á norðanverðum ásnum rétt vestan við veginn millum Lóns og Bakka, síðan eftir sömu stefnu ofan á sinn í vörðu er stendur á brekknabrúninni, [...]” (Landamerkjaskrá, 205).

Lýsing

Varða horfin.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 205 fyrir Bakka í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 12. maí 1890. Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890.

Bakki 146403 278-80

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Birgir Haraldsson

Staðhættir

Í Landamerkjaskrá fyrir Bakka segir: „Að austan ræður bein stefna frá vörðu, sem hlaðin er við Þrígil sunnan við Brimneslæk, suður efra Kílholt og eftir sömu stefnu suður fyrir holtið að Bugalæk; þaðan suðvestur yfir flóann beina stefnu í vörðu, sem hlaðin er í Háasundsholti, þaðan beint á stefnu vestur yfir norðanverðan Lónsás í stóran stein, er stendur á norðanverðum ásnum rétt vestan við veginn millum Lóns og Bakka; síðan eftir sömu stefnu ofan á sinn í vörðu er stendur á brekknabrúninni, [...]” (Landamerkjaskrá, 205).

Lýsing

Varðan er nú horfin.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 205 fyrir Bakka í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 12. maí 1890. Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890.

Bakki 146403 278-81

Hlutverk: Varða
 Tegund: Steypt hornmerki
 Staðsetning:
 A: 482269,22 N: 583814,37
 Ástand: Horfin
 Heimildamaður: Birgir
 Haraldsson

Staðhættir

Í Landamerkjaskrá fyrir Bakka segir: „Að austan ræður bein stefna frá vörðu, sem hlaðin er við Þrígil sunnan við Brimneslæk, suður efra Kílholt og eftir sömu stefnu suður fyrir holtið að Bugalæk; þaðan suðvestur yfir flóann beina stefnu í vörðu,

20. mynd. Landamerkjastaur, þar sem áður var varða. Ljósm. BZ.

sem hlaðin er í Háasundsholti, þaðan beint á stefnu vestur yfir norðanverðan Lónsás í stóran stein, er stendur á norðanverðum ásnum rétt vestan við veginn millum Lóns og Bakka; síðan eftir sömu stefnu ofan á sinn í vörðu er stendur á breknabrúninni, [...]” (Landamerkjaskrá, 205). Í örnefnaskrá er þess getið að sú varða sjáist ekki lengur (ÖSPÍ, 1).

Lýsing

Búið er að steypa staur þar sem varðan var áður.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 205 fyrir Bakka í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 12. maí 1890. Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890.

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-82

Hlutverk: Varða
 Tegund: Varða
 Staðsetning: A: 483167,187 N: 584464,339
 Ástand: Gott
 Hættumat: Lítil hættu
 Hættuorsök: Almenn landnýting
 Heimildamaður: Birgir Kjartansson

Staðhættir

Á mel við landamerki milli Bakka og Kýrholts, rúmlega 1400 m suðaustur af íbúðarhúsinu á Bakka er varða.

Lýsing

Varðan er um 45 sm há, 1x1 m að ummáli. Hún er að hluta til hruninn en stórt hleðslugrjót er í grunni hennar.

Bakki 146403 278-83

Hlutverk: Leið

Tegund: Reiðvegur

Staðsetning: A: 483198,47 N: 585378,24

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Birgir Kjartansson

Staðhættir

Úr fornbréfasafni frá 1351: „[...] með þessum ummerkium at riettsýni up ur uotabergi i utanuerdan efra kýrhollz enda væri mark milli grafar og bakka ok gata su er liggr sudr epter efra kýrhollti allt i bugalæk væri mark milli kýrholltz ok bakka [...] (DI III, 54).

Lýsing

Gatan er enn greinileg á nokkrum stöðum og sést hún best á melum.

Heimildaskrá

Diplomatarium Islandicum: Íslenzkt fornbréfasafn III, 1269-1415 (1896).

Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Bakki 146403 278-84



Hlutverk: Naust

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 481592,923

N: 583993,726

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nálægð sjávar

Heimildamaður: Birgir Haraldsson


Staðhættir

Rúma 1400 m suðsuðvestur af íbúðarhúsinu á Bakka, í fjörunni við syðstu landamerki jarðarinnar er tóft. Tóftin liggur á lynggrónu sléttlendi undir bakka, suður af fjörunni. Heimildamaður segir að þarna hafi verið naust í eigu Lónsbænda.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og eru veggir að mestu hrundir, hún er 3x4 m að utanmáli. Hún liggur norður/suður og er alveg opin mót norðri. Breidd veggja, er um 50 sm og hæð þeirra 30-40 sm.

Bakki 146403 278-85



Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning:

A: 481592,923

N: 583993,726

Ástand: Lélegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn

landnýting og áfok

Heimildamenn: Birgir

Haraldsson, Kjartan

Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á milli Bakkalækjar og Brimneslækjar er Bakkamór, [...]. Talsverðar rústir eru efst í Bakkamónum, rétt neðan við gamla veginn; líklega rústir beitarhúsa” (ÖSPÍ, 10).

Um 1080 m norðnorðaustur af íbúðarhúsinu og norður af Lækjarhvammi eru leifar tófta.

Lýsing

Í örnefnalýsingu er sagt að líklega um beitarhúsatóftir sé að ræða en við vettvangsathugun í ágúst 2006 var ómögulegt að sjá nokkurt greinilegt veggjalag til þess að hægt væri að álykta um hlutverk þessara minja. Um er að ræða hól um 8x23 m að utanmáli sem liggur norðvestur/suðaustur. Hann er algróinn og virðist sem á honum hafi legið tóft en erfitt er greina veggjalög, bæði sökum gróðurs og vegna þess að hóllinn er þýfður. Við norðvesturenda hans er greinileg veggjalög, hugsanlega endi tóftar sem legið hefur norðaustur/suðvestur. Nyrðri veggur er lengri um 4 m en sá syðri um 2 m. Veggirnir eru algrónir um 30-40 sm á hæð. Þar suðvestan við er hugsanlega tóft, þó er hún mjög ógreinileg og algróin. Innanmál er 2x3m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Bakki 146403 278-86

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 482521,168 N: 586331,595

Ástand: Lélegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting og áfok

Heimildamenn: Birgir Haraldsson, Kjartan Birgisson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á milli Bakkalækjar og Brimneslækjar er Bakkamór, [...]. Talsverðar rústir eru efst í Bakkamónum, rétt neðan við gamla veginn; líklega rústir beitarhúsa” (ÖSPÍ, 10).

Um 1080 m norðnorðaustur af íbúðarhúsinu og norður af Lækjarhvammi eru leifar tófta.

Lýsing

Í örnefnalýsingu er sagt að líklega um beitarhúsatóftir sé að ræða en við vettvangsathugun í ágúst 2006 var ómögulegt að sjá nokkurt greinilegt veggjalag til þess að hægt væri að álykta um hlutverk þessara minja. Um er að ræða hól um 8x23 m að utanmáli sem liggur norðvestur/suðaustur. Hann er algróinn og virðist sem á honum hafi legið tóft en erfitt er greina veggjalög, bæði sökum gróðurs og vegna þess að hóllinn er þýfður. Við norðvesturenda hans eru greinileg veggjalög, hugsanlega endi tóftar sem legið hefur norðaustur/suðvestur. Nyrðri veggur er lengri um 4 m en sá syðri um 2 m. Veggirnir eru algrónir um 30-40 sm á hæð. Þar suðvestan við er hugsanlega tóft, þó er hún mjög ógreinileg og algróin. Innanmál er 2x3m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Bakka (2000). Sigurjón Páll Ísaksson. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes

Saga

Jörðin Brimnes liggur í Viðvíkursveit og á land vestan þjóðvegur niður að sjó. Örnefnið Brimnes kemur fyrst fyrir í Landnámu en þar segir: „Í þann tíma kom út skip í Kolbeinsárósi hlaðit kvikfé, en þeim hvarf í Brimnesskógum unghryssi eitt; en Þórir dúfunef keypti vánina ok fann síðan”.²⁶ Jarðarinnar er getið í Biskupasögum en þá segir frá því er hvalur rekur á land á Brimnesi sem er í eigu Hólastóls. Þótti þetta tákn um að guði væri vel við biskupsefnið, Lárentíus Kálfsson²⁷. Í Íslendinga sögu (1946) segir frá því að Guðmundur úr Brimnesi hafi verið í liði með Brodda Þorleifssyni frá Hofi sem ásamt Álfí í Gröf vó Þórólf Bjarnason í Óslandi árið 1240, orsök voru nágrannaerjur.²⁸ Jörðin er komin í eigu Hólastóls 1388 og er þeirra getið í ráðsmannsreikningum: „af brimnesi. c. woro. c. i hafnar v[adum]. xx lamba elde ók tueuett n[aut]”²⁹. Jörðin var seld Kjartani Bjarnasyni ábúanda árið 1802 með 1 kúgildi fyrir 209 ríkisdali³⁰. Á fyrri hluta 20. aldar keypti Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi hluta af norðanverðri jörðinni.³¹

Í örnefnaskrá er getið um eyðibýlið Gvendarstaði beint suður af túni en þess er hvergi getið í jarðabókum.³²

Laufhóll er nýbýli að byggt úr landi Litlahóls og að hluta úr landi Brimness.³³ Íbúðarhús var reist á jörðinni árið 1953.³⁴

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðatali Johnsen frá 1847 er Brimnes talin 50 hundruða jörð, landskuld er 2,0, kúgildi 4 og einn eigandi er að jörðinni.³⁵ Og í jarðatali frá 1861 er sagt að fornt mat sé 50 hundruð en nýtt mat sé 28,5.³⁶ Í jarðabók Árna og Páls segir: „Jörðin kann að fódra um vetur við kýr, það á töðu og úthevi, en öllum öðrum peningi er vogað þá til útigangs aldeilis”.³⁷ Rífrhrís var til eldiviðar og nokkuð af sortulyngi. Ekki var fjörubeit á Brimnesi en jörðin átti allan þann reka sem þar kom á land.³⁸ Hlunnindi eru sögð, silungsveiði, reki og útræði.³⁹

²⁶ <http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>, kaflí 62.

²⁷ Laurentíus saga (1998), 354.

²⁸ Íslendingabók (1946), 443.

²⁹ Fornbréfasafn Íslands III, 409.

³⁰ Jarða- og búendatal (1949), 80.

³¹ Björn Egilsson (1983), 12.

³² Sverrir Björnsson (1978), Örnefnaskrá Brimness, 1.

³³ Munnleg heimild: Steingrímur Vilhjálmsson, bóndi Laufhóli.

³⁴ Heimasiða Fasteignamats Ríkisins.

³⁵ Jarðatal Johnsens (1847), 268.

³⁶ Jarðabók (1861), 100.

³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (1930), 206.

³⁸ Sama, 206.

³⁹ Lárus Ág, Gíslason (1982), 163.


Landamerki

Úr landamerkjalyýsingu fyrir Brimnes: „Að sunnan ræður lækur sá, sem rennur úr svokölluðu Litlhólsgili til sjávar, og frá fyrrnefndu gili úr vörðu þeirri sem höggvið er á B. Og L., beina sjónhending, eftir vörðum í stein stendur suðaustantil í Grjóthól og höggvir eru á stafirnir B. og L. Svo beina sjónhending, sem vörður vísa í miðja Lómatjörn, að sunnan, svo úr norðurenda Lómatjarnar, sem vörður vísa til Háaleitis í vörðu þá sem höggvið er á B. og V., svo þaðan beina sjónhending í Geitagerði austanvert, þaðan beint út í Vagnabraut og ræður hún þaðan þar til hún kemur í Þjóðveg og þaðan vestur í Þjófadalalæk og ræður hann til sjávar. Og ofangreind jörð á frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrétt”.

Brimnesi 15. maí 1885.

Sigurlaug Þorkelsdóttir (eigandi)⁴⁰

⁴⁰ Landamerkjabréf nr. 36



Fornleifaskráning

Brimnes 146404 277 - 1



21. mynd. Gamli bærinn á Brimnesi. Ljós. BZ.

Sérheiti: Brimnes

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: A: 483594,25 N: 586777,84

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson ábúandi á Brimnesi.

Staðhættir

Hluti gamla bæjarins, eða framhúsið, stendur enn á gamla bæjarhólnum en nýrra íbúðarhús hefur verið reist um 80 m suðaustan hans. Á túnakorti frá 1916 má sjá tvenn hús norðan við bæinn, þar voru skemma og smiðja. Heimildamaður segir að síðar hafi verið reist lambhús milli bæjar og skemmu.

Heimildaskrá

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 2

Hlutverk: Leiði

Tegund: Kumlateigur

Staðsetning: A: 482768,666

N: 587070,025

Ástand: Horfið að hluta

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ágangur sjávar

Heimildamaður: Halldór

Steingrímsson



Staðhættir


Í örnefnaskrá Brimness er þess getið að við Bátagil fannst dys árið 1937.

Þáverandi þjóðminjaverði, Matthíasi Þórðarsyni, var gert viðvart og hann gróf í dysina. Hún reyndist úr

heiðnum sið, í henni fundust beinagrindur þriggja manna og hests með reiðtygjum auk vopna. Bátagil er utan við Brimnesgil og utan við Bátagil er Stekkjargil sem áður var nefnt Skipagil (ÖSB). Kumlateigurinn var tæplega kílómetra vestur af bænum á Brimnesi. Sumarið 1937 gróf Matthías Þórðarson þáverandi þjóðminjavörður upp kumlin.

22. mynd. Kumlateigur. Ljósm. BZ.

Nánari Lýsing



23. mynd. Teikning af kumlum (KE, 2000).

Um kumlafundinn er fjallað í bókinni Kuml og Haugfé (bls.142-144). Kumlin fundust um kílómetra neðan og vestan bæjar og tók kumlateigurinn yfir 12 m langt svæði SV-NA. Öll kumlin sneru NV-SA og höfuð mannanna hafa verið í norðvesturendanum. Þau voru grunn og yfir þeim lá einfalt, fremur gisið steinalag. Miðkumlið var rótað að hluta en sunnan og austan við manninn sem í því lá voru tveir hestar heygðir og ekki hafði verið hreyft við þeim. Með mannabeinunum var eldtinumoli og járnvottur (Þjms. 12103). Hjá hestabeinunum í suðausturenda grafarinnar fundust járnmeil og fleiri gegnbrunnin

ryðstykki auk þess sem ryðs og svartra tréleifa varð vart sem bendir til þess að söðull hafi verið á suðvestari hestinum (31 járnbrott með mélabrotum Þjms. 12105). Ennfremur fannst spjót í hrosskumlinu af K-gerð, Sverd 21 (Þjms. 12104). Talið er að því hafi verið stungið niður í hrosskumlið þegar rótað var í mannskumlinu. Hjá beinunum í kumlinu suðvestan við miðkumlið voru 5 brott úr sigð (Þjms. 12108) og brott úr skærum (Þjms. 12109) með sauðaklippulagi, svipuðum Rygh 443. Eins og í miðkumlinu var hrossgröf sunnan og austan við mannsgröfina. Í henni voru nokkur fúin hrossabein. Þetta kuml

virðist einnig hafa verið rótað. Þriðja kumlið var norðaustan við miðkumlið. Ekki virðist hafa verið hreyft við þessu kumli og var nokkurt haugfé í því en enginn hestur: Öxi, G-gerð, Sverd 38 (Þjms. 12111); venjulegur hnífur (Þjms. 12112); Brot á litlum silfurhring (ekki fingurbaugur) (Þjms. 12113); tvö met úr blýi (Þjms. 12114-15) (K.E. 1956, bls.).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Kristján Eldjárn. 1956. Kuml og haugfé. 2. útgáfa (2000). Ritstj. Adolf Friðriksson. Mál og menning, Reykjavík.

Brimnes 146404 277 - 3

Sérheiti: Bátagil

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skammt utan við Lónið, í vestur frá bænum heitir Brimnesgil., utan við það er Bátagil og örstutt þar utan Stekkjargil, til forna nefnt Skipagil” (ÖSB, 1). Tóftir þær sem voru í Bátagili eru nú horfnar í sjó. Halldórs Steingrímsson ábúandi á Brimnesi man vel eftir tóftunum en mörg ár eru síðan hún fór í sjó.

Nánari lýsing

Í jarðabók Árna og Páls segir: „Jörð þessi á allan reka fyrir sínu landi, en um sjáargagn og hlunnindi það fjörunni viðvíkur er allt og hið sama að segja sem á Bakka, nema skipsuppsátur er hjer betra” (JÁM, 206).

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

Brimnes 146404 277 - 4

Sérheiti: Gvendarstaðir

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamenn: Halldór Steingrímsson og Steingrímur Vilhjálmsson. Steingrímur er ábúandi á Laufhóli, bjó áður á Brimnesi.

Staðhættir

Eyðibýlið Gvendarstaðir eiga samkvæmt örnefnalýsingu að vera beint suður af túninu í Brimnesi. Þess er ekki getið í jarðabókum (ÖSB,1). Í örnefnaskrá Sverris Björnssonar segir: ”Suður og niður af túninu er Tjarnarlág og beint suður af túninu er eyðibýlið Gvendarstaðir, þar austur af kallast Flói og austur af honum Reitur” (ÖSB, 1.)

Lýsing

Rúma 400 m suður af íbúðarhúsi á Brimnesi, nú í landi Laufhóls voru Gvendarstaðir. Steingrímur á Laufhóli man eftir tóft þarna en búið er að slétta svæðið með jarðýtu og tóftin horfin. Lítilsháttar kom upp af hleðslugrjóti og taldi Steingrímur að ekki hefðu verið miklar byggingar þarna.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson: Örnefnaskrá Brimness eftir handriti Björns Jónassonar. 1932.
Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 5

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483578,688 N: 586795,196

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Á túnakorti má sjá tvö hús norðan við bæinn. Samkvæmt heimildamanni mun hafa verið skemma við húsið og smiðja þar norðan við. Búið er að rífa bæði hús.

Heimildaskrá

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 6

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483589,157 N: 586786,087

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni mun hafa verið reist lambhús við gamla bæinn að norðanverðu milli húss og skemmu. Það hefur nú verið rífið.

Heimildaskrá

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 7

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483586,030 N: 586790,709

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Á túnakorti má sjá tvö hús norðan við bæinn. Samkvæmt heimildamanni mun hafa verið skemma við húsið og smiðja þar norðan við. Búið er að rífa bæði húsin.

Heimildaskrá

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 8

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483600,82 N: 586753,30

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Á túnakorti má sjá tvö hús sunnan við bæinn. Samkvæmt heimildamanni voru þar fjós og hesthús. Fjósið var nær bænum, búið er að rífa fjósið og sér þessi ekki lengur merki.

Heimildaskrá

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 9

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483593,37 N: 586749,36

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Á túnakorti má sjá tvö hús sunnan við bæinn. Samkvæmt heimildamanni voru þar fjós og hesthús.

Lýsing

Fjær bænum var hús fyrir 3 hesta. Það stóð ekki lengi fram yfir 1929 þegar móðir heimildamanns fluttist að Brimnesi. Húsið stóð sunnan við veg þann sem liggur sunnan gamla bæjarins, búið er að rífa hesthúsið og sést það ekki lengur.

Heimildaskrá

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 10

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483567,08 N: 586762,07

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Á túnakorti má sjá heimreið sem liggur til vesturs frá bænum. Nú liggur vegur nálega á sama stað og gamla heimreiðin og sést hún því ekki lengur.

Heimildaskrá

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 11

Hlutverk: Hesthús og fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483487,76 N: 586690,20

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Á túnakorti má sjá hús í suðvesturhorni túnsins. Þar mun samkvæmt heimildamanni hafa verið fjárhús. Húsið var notað sem hesthús eftir 1929 af Sigurði Jónssyni þáverandi ábúanda.

Heimildaskrá

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 12

Sérheiti: Sauðhúsvöllur

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483482,469 N: 586963,316

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Nyrst í túninu er Sauðhúsvöllur skv. örnefnalýsingu (ÖSB,1). Á túnakorti eru tvenn útihús syðst í túninu. Þar voru tvenn útihús samkvæmt heimildamanni, Þrístæð fjárhús og lítið hesthús. Fjárhúsin voru tæpa 300 m norðvestur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og þau komin í tún. En þó má finna fyrir útveggjum hússins í túninu og dældir marka hvar það var.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands..

Brimnes 146404 277 - 13

Sérheiti: Sauðhúsvöllur

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483442,806 N: 586984,073

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Nyrst í túninu er Sauðhúsvöllur skv. örnefnalýsingu (ÖSB,1). Á túnakorti eru tvenn útihús syðst í túninu. Þar voru tvenn útihús samkvæmt heimildamanni, Þrístæð fjárhús og lítið hesthús.

Hesthúsið var um 330 m norðvestur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Búið er að rífa húsið og þau komin undir tún en þó sjást dældir í túninu þar sem það stóð.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands..

Brimnes 146404 277 - 14

Sérheiti: Ærhúsgerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483593,81 N: 587014,92

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Austur af Sauðhúsvelli er Ærhúsgerði skv. örnefnalýsingu (ÖSB,1). Á túnakorti má sjá útihús austan við túnið.

Lýsing

Á Ærhúsgerði var fjárhús sem Halldór Steingrímsson segir að hafi verið kallað Gerðishús og túnið Gerði. Hlaða mun hafa verið við húsið og var það fyrir hátt í 100 kindur. Það hefur verið rífið og nú er þar kálgarður.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands..

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 15



24. mynd. Túngarðar á Brimnesi. Ljósm. BZ.

Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A: 483477,331
N: 587036,888
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn
landnýting
Heimildamaður: Halldór
Steingrímsson

Staðhættir

Norður af svonefndum Sauðhúsvelli eru einu leifar túngarðsins. Hann liggur í boga frá austri til vesturs og við vesturenda hans klofnar hann

og liggur annað garðlag til norðausturs.

Lýsing

Garðurinn er um 50 m á lengd og liggur við norðurenda heimatúnsins, undir smá hól. Hann er algróinn um 70 sm breiður og um 40 sm hár.

Brimnes 146404 277 - 16

Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A: 483484,549 N: 587046,820
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting
Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Norður af svonefndum Sauðhúsvelli eru einu leifar túngarðsins umhverfis Brimnestúnið,. Við vesturenda túngarðsins klofnar hann og liggur annað garðlag til norðausturs.

Lýsing

Garðlagið er gróið, um 100 sm á breidd og nokkuð lægra en túngarðurinn, um 30 sm á hæð. Hann virðist nokkuð hrundari eða útflattari og gæti verið eldri en sjálfur túngarðurinn.

Brimnes 146404 277 - 17

Sérheiti: Lambhúsgerði
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483661,845 N: 586755,351

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Syðst og austast í túninu er Lambhúsgerði skv. örnefnalýsingu (ÖSB,1). Lambhúsgerði var nálega þar sem bærinn stendur nú og samkvæmt túnakorti voru tvenn útihús þar. Tvístæð fjárhús stóðu þar sem útihús eru í dag, í þeim átti að hafa verið hlaðinn veggur eftir Natan Ketilsson. Húsin stóðu enn um 1929.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 18

Sérheiti: Sigmarshús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 483654,368 N: 586739,480

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Syðst og austast í túninu er Lambhúsgerði skv. örnefnalýsingu (ÖSB,1). Lambhúsgerði er nálega þar sem bærinn stendur nú og samkvæmt túnakorti voru tvenn útihús þar. Syðri húsin voru nefnd Sigmarshús. Sunnan við bæjarhlaðið sér enn móta fyrir húsunum, lægðir eða dældir í jörðina.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 19

Hlutverk: Matjurtagarður með kartöflugeymslum

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 482932,765 N: 586672,648

Ástand: Ómetið


Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Á túnakorti er sýndur matjurtagarður vestan við túnið. Um 730 m vestur af íbúðarhúsi, sunnan við veg þann sem liggur til vesturs frá bænum er matjurtagarður. Hann liggur í smá halla til suðurs



frá veginum. Líklega hafa verið kartöflugeymslur í báðum hornum sem snúa til norðurs, en þar eru ferhyrndar smátóftir.

Lýsing

Utanmál matjurtagarðs er 22x23 m. Veggir eru algrónir. Litlu tóftirnar eru nálega jafnstórar, 1x1,5 m að innanmáli. Veggjabreidd og veggjahæð er um 40 sm mest um 50 sm. Veggjahæð er um 40 sm í meintum kartöflugeymslum.

Nánari lýsing

Kartöflugeymsla í norðvesturhorni 482927,399/586678,794 og kartöflugeymsla í norðausturhorni 482936,451/586683,129

Heimildaskrá

Túnakort Brimness (1916). K. Kristinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Brimnes 146404 277 - 20

Sérheiti: Myllugil

Hlutverk: Mylla

Tegund: Mylla, Örnefni

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson og Steingrímur Vilhjálmsen

Staðhættir

Myllugil er austur af Breiðagili sem aftur er austan við Neðstagil skv. örnefnalýsingu (ÖSB, 1). Myllugil er nú í landi Laufhóls.

Lýsing

Myllutóft er engin í Myllugili að sögn heimildamanna. Gæti það stafað af því að töluvert landbrot hefur verið þarna undanfarin ár þar sem að meira vatn mun hafa runnið af vatni í lækinn en venjulega.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 21

Sérheiti: Kvíamelur

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson


Staðhættir

Í örnefnalýsingu er Kvíamelur staðsettur ofan við Kringlumýri sem er hringmynduð mýri í melunum beint niður af túninu (ÖSB,2). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Beint niður af túninu er Kringlumýri og melurinn austan við hana, rétt við túnið, heitir Kvíamelur” (ÖMJ, 2). Kvíamelur er nálega þar sem fjárhúsin eru í dag, rúma 300 m vestnorðvestur af íbúðarhúsi. Heimildamaður man ekki eftir að hafa heyrt um kvíar þar og engin merki sjást um þær. Gætu hafa verið færanlegar kvíar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1932). Margeir Jónsson skráði eftir Birni Jónssyni.
Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 22



Sérheiti: Stekkjargil
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 483067,443
N: 587522,197
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting
Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Stekkjargil er skammt utan við Bátagil skv. örnefnalýsingu. Stekkjargil var til forna kallað Skipagil (ÖSB, 1).
Um 980 m norðvestur af íbúðarhúsinu eru tvær tóftir, norðan lækjar.

Lýsing

Syðri tóftin er stekkjatóft og liggur nálega austur/vestur, með lambakró til vesturs. Utanmál tóftar er í heild 13x6,5m. Nyrðri veggur tóftar er um 4 m styttri en sá syðri. Tóftin liggur upp við brekku og myndar hún norðurhlið hennar. Opið er á milli krónna og tóftin er opin til austurs. Tóftin er algróin og sér ekki í grjóthleðslur, veggjahæð er um 50 sm og breidd veggja er um 1 m, mest 1,5 m.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 23

Sérheiti: Stekkjargil
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 483080,285 N: 587539,012
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting
Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Stekkjargil er skammt utan við Bátagil skv. örnefnalýsingu. Stekkjargil var til

forna kallað Skipagil (ÖSB, 1). Um 980 m norðvestur af íbúðarhúsinu eru tvær tóftir, norðan lækjar. Um 10 m norðaustur af skráðri stekkjartóft (**146404 277-22**) er önnur tóft.

Lýsing

Hlutverk tóftar er óþekkt en þó gæti verið um einhverskonar gripheldi að ræða. Tóftin er nánast algróin en þó sér í grjóthleðslur í vegg. Hún liggur nálega norður/suður. Innanmál tóftar er 3x7 m, hæð veggja er um 50 sm og breidd þeirra um 1-1,5m. Dyr eru á tóftinni til austurs.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 24



Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 484061,995 N: 588514,480

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Ásar heita einu nafni melarnir norður af Reitnum, austan við túnið. Yzt á þeim heita Klofasteinir, neðarlega á Ásunum. Norðan við Ásana heitir Kríusund. Austur af því er Lómatjarnarholt, og neðan við sundið er hóll og á honum eru beitarhúsatóftir” (ÖMJ, 1). Í örnefnaskrá Sverris Björnssonar segir: „Norður af Ærhúsgerði er einstakur hóll er heitir Einbúi, norður af Einbúa eru Höll, norður af Höllum eru Beitarhúsahólar. Norðan við þá eru Grænutóftir, þar voru beitarhús frá Brimnesi” (ÖSB, 2).

Við landamerkjagirðingu milli Brimness og Kolkuóss er beitarhúsatóft á lágum hól. Til austurs er landamerkjagirðingin en þýft mýrlendi til suðurs og vesturs, túngarður umlykur tóftirnar. Tóftirnar standa á nokkurri upphækkun sem gæti bent til að byggt hefði verið á eldri tóftum. Túngarðurinn er jarðsokknari og virðist eldri en beitarhúsatóftirnar. Virðist sem hann gæti verið af eldra byggingastigi.

Rétt er að geta þess að heimildamaður segir að Grænutóftir séu beitarhúsatóftir frá Langhúsum og því virðist gæta misskilnings í örnefnaskrá Sverris Björnssonar sem nefnir tóftir þessar Grænutóftir.

Lýsing

Um er að ræða 4 samliggjandi húsatóftir um 24x8 m að utanmáli. Tóftalengjan liggur norður/suður.

Syðsta hústóftin er 2,5x4 m að innanmáli, með dyr til vesturs. Veggjahæð er um 20-40 sm, nokkuð þýft að innan. Veggir eru nánast algrónir en þó sér í grjót á nokkrum stöðum. Breidd veggja er um 40 sm.

Áföst norðan við er önnur hústóft 6x2,5 m, hlaðin úr torfi og grjóti, en á milli tóftanna er breiður veggur sem lækkar til miðjunnar. Tóftin er vel gróin en það sér í grjót á nokkrum stöðum. Dyr eru til vesturs. Veggir eru um 60-70, þar sem þeir eru hæstir frá gólfi. Veggir eru nokkuð hrundir og er veggjabreidd mest 2 m.

Þriðja hústóftin, með dyr mót austri. Hún er 2x2 m að innanmáli, vel gróin en sér í grjót. Norðausturhlið er að hluta til mjög illa farin.

Nyrst hluti tóftanna er töluvert rofinn og erfitt að átta sig á veggjaskipan, um 2x2 m að innanmáli, hálfhringlaga. Nyrst er lágur veggur 15-20 sm.

Sunnan við tóftirnar er lítill hóll, vel grænn og sker sig úr umhverfi. Ekki er þó að sjá neinar tóftarleifar á honum.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson: Örnefnaskrá Brimness eftir handriti Björns Jónassonar. 1932.

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 25



Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 484048,973

N: 588462,606

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Ásar heita einu nafni melarnir norður af Reitnum, austan við túnið. Yzt á þeim heita Klofasteinar, neðarlega á Ásunum. Norðan við Ásana heitir Kríusund. Austur af því er Lómatjarnarholt, og neðan við sunnið er hóll og á honum eru beitarhúsatóptir” (ÖMJ, 1).

Við landamerkjagirðingu milli Brimness og Kolkuóss er beitarhúsatóft á lágum hól. Til austurs er landamerkjagirðingin en þýft mýrlendi til suðurs og vesturs. Garðlag er hringinn í kringum tóftina.

Lýsing

Garðurinn er mjög sokkin, hlaupinn í þúfur og frekar ógreinilegur í landslagi en vel greinilegur á loftmynd. Hann er um 20-30 sm hár og um 1 m á breidd, sumstaðar breiðari. Hann nær hringinn í kringum beitarhúsatóftirnar en er aðeins greinanlegur á um 410 m kafla.

Heimildaskrá

Margeir Jónsson: Örnefnaskrá Brimness eftir handriti Björns Jónassonar. 1932.

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 26

Sérheiti: Geitagerði

Hlutverk: Beitarhús?

Tegund: Tóft

Staðsetning:

A: 483874,818

N: 589811,406

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn

landnýting

Heimildamaður:

Halldór

Steingrímsson og

Kristín

Sigurmonsdóttir



Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „[...] rétt suður af Finnbogahólum sem eru í Viðvíkurlandi, er lítill hóll með tóftarbroti á, sem heitir Geitagerði, þar sem eru merki Brimness – og Viðvíkurlands” (ÖSB, 2). Í landamerkjaskrá segir: Úr landamerkjalyýsingu fyrir Brimnes: „Að sunnan ræður lækur sá, sem rennur úr svokölluðu Litlhólsgili til sjávar, og frá fyrnefndu gili úr vörðu þeirri sem höggvið er á B og L., beina sjónhending, eftir vörðum í stein stendur suðaustur í Grjóthól og höggvir eru á stafir B og L Svo beina sjónhending, sem vörður vísa í miðja Lómatjörn, að sunnan, svo úr norðurenda Lómatjarnar, sem vörður vísa til Háaleitis í vörðu þá, sem höggvið er á B og V, svo þaðan beina sjónhending í Geitagerði austanvert, þaðan beint út í Vagnabraut og ræður hún þaðan þar til hún kemur í Þjóðveg, og þaðan vestur í Þjófadalalæk og ræður hann til sjávar. Og nefnd jörð á frían upprekstur í Kolbeinsdalsfrétt” (Landamerkjaskrá fyrir Brimnes nr. 36).

Geitagerði er um 3 km norður af bænum á Brimnesi, við gömlu landamerkin milli Brimness og Viðvíkur, nú í landi Kolkuóss. Þar eru tvær greinilegar tóftir og einn lágur hóll með grasi gróinni dæld, þar sem virðist hafa staðið mannvirki. Hóllinn virðist vera eldri en tóftirnar en hann er jarðsokknari og lyngi gróinn en tóftirnar eru grasi grónar. Kristín Sigurmonsdóttir kallar tóftirnar Grænutóftir og segir að þar hafi verið hafðir sauðir frá Brimnesi.

Lýsing

Nyrst er stærsta tóftin um 12x3 m að innanmáli, líklega hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er nánast algróin en á nokkrum stöðum má sjá glytta í grjót. Tóftin er nokkuð þýfð. Engar greinlegar dyr eru á tóftinni. Veggir eru nokkuð hrundir, breiðastir um 3 m og hún er hæst um 50 sm. Tóftin snýr norður/suður. Austan tóftar er lynggróið svæði en vestan við er lynggróin brekka niður á nokkuð rofnara land. Mjó gata liggur austan tóftarinnar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.
Landamerkjaskrá nr. 36 fyrir Brimnes í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 15. maí 1885.
Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. júní 1885.

Brimnes 146404 277 - 27

Sérheiti: Geitagerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 483879,772 N: 589778,080

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Geitagerði er um 3 km norður af bænum á Brimnesi, við gömlu landamerkin milli Brimness og Viðvíkur, nú í landi Kolkuóss. Þar eru tvær greinilegar tóftir og einn lágur hóll með grasi gróinni dæld, þar sem virðist hafa staðið mannvirki. Hóllinn virðist vera eldri en tóftirnar en hann er jarðsokknari og lyngi gróinn en tóftirnar eru grasi grónar.

Lýsing

Um 17 m sunnan við tóft (**146404 277-26**) er önnur tóft, nokkuð minni, um það bil 3x4 m að innanmáli. Hún liggur norður/suður og óljóst dyraop er til suðurs. Tóftin er algróin og hvergi sér í grjót. Veggir til austurs eru nokkuð hærri um 40 sm en frá 15-30 sm til vesturs. Veggir eru breiðastir um 40 sm. Tóftin stendur á smá hól og líklegt virðist að tóftin sé byggð ofan á eldri mannvirkjum.

Til austurs frá tóftinni liggur lágur hryggur og á endanum á honum er lágur hóll, lyngvaxin sem áður hefur verið nefndur. Á honum er grasi gróin dæld um 1x1,5 m að innanmáli, þar sem hugsanlega hefur staðið einhverskonar mannvirki, þá eldra heldur en tóftirnar tvær.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.
Landamerkjaskrá nr. 36 fyrir Brimnes í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 15. maí 1885.
Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. júní 1885.

Brimnes 146404 277 - 28

Sérheiti: Geitagerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 483896,962 N: 589785,247

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Geitagerði er um 3 km norður af bænum á Brimnesi, við gömlu landamerkin milli Brimness og Viðvíkur, nú í landi Kolkuóss. Þar eru tvær greinilegar tóftir og einn lágur hóll með grasi gróinni dæld, þar sem virðist hafa staðið mannvirki. Hóllinn virðist vera eldri en tóftirnar en hann er jarðsokknari og lyngi gróinn en tóftirnar eru grasi grónar.

Lýsing

Til austurs frá tóft (**146404 277-28**) liggur lágur hryggur og á austurenda hans er lágur hóll, lyngvaxinn sem áður hefur verið nefndur. Á honum er grasi gróin dæld um 1x1,5 m að innanmáli. Líklega hefur staðið mannvirki á hólnum og bendir gróðurfar til þess að það sé nokkuð eldra en tóftirnar sem standa í nágrenni hans.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Landamerkjaskrá nr. 36 fyrir Brimnes í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 15. maí 1885. Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. júní 1885.

Brimnes 146404 277 - 29

Sérheiti: Steinka

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við túnið í Brimnesi er varða sem heitir Steinka” (ÖSB, 2). Í norðvesturátt frá bænum er melur sem kallast Steinka. Á honum var varða.

Lýsing

Búið er að rífa vörðuna og voru steinarnir notaðir í byggingu fjóss.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 30

Sérheiti: Kolkuósvegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Reiðvegur

Staðsetning: A: 482989,64 N: 587874,07

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vegurinn sem lá út um Stekkjargil, út með sjó hét Kolkuósvegur” (ÖSB, 2). Tæplega 200 m austur af stekkjartóft í Stekkjargili skiptis vegurinn og liggur vestari vegurinn til norðurs meðfram sjónum og kallast Kolkuósvegur en sá austar liggur eftir melunum meira til norðnorðausturs, yfir Vörðumel.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 31

Sérheiti: Brunnpollar

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lind

Staðsetning: A: 483657,98 N: 586916,32

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Þar austur af er Ærhúsgerði, sunnan við það eru nokkrar uppsprettur sem kallast Brunnpollar” (ÖSB, 1). Brunnpollar eru í hánorður frá íbúðarhúsinu, sunnan kálgarðsins.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 32

Sérheiti: Miðvegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 483534,90 N: 588870,72

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Norðan Geitagerðis er Vagnabraut [nú í Kolkuóslandi, áður Viðvíkurland] og eru það merki milli Brimness- og Viðvíkurlands, suðvestur af

Geitagerði er strítumelur sem heitir Vörðumelur hann stendur við svonefndan Miðveg, en neðan við Brimnes skiptist þjóðvegurinn, neðri álman lá út yfir Stekkjargil út með sjó í Kolkuós, hin út austur Brimnesskóg” (ÖSB, 2).

Lýsing

Tæplega 200 m austur af stekkjartóft í Stekkjargili skiptist vegurinn og liggur vestari vegurinn til norðurs meðfram sjónum og kallast Kolkuósvegur en sá austar liggur eftir melunum meira til norðnorðausturs, yfir Vörðumel. Þar er akfær vegur í dag sem klofnar suður af Geitagerði og liggur slóði til norðurs að og sameinast Vagnbraut en akfær vegur til norðausturs og sameinast Vagnbraut 400 m norðvestar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 33

Sérheiti: Vörðumelur

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „[...] rétt suður af Finnbogahólum sem eru í Viðvíkurlandi, er lítill hóll með tóftarbroti á, sem heitir Geitagerði, þar sem eru merki Brimness- og Viðvíkurlands. Norðan Geitagerðis er Vagnabraut og eru það merki milli Brimness- og Viðvíkurlands, suðvestur af Geitagerði er strítumelur sem heitir Vörðumelur hann stendur við svonefndan Miðveg, en neðan við Brimnes skiptist þjóðvegurinn, neðri álman lá út yfir Stekkjargil út með sjó í Kolkuós, hin út austur Brimnesskóg” (ÖSB, 2).

Lýsing

Engar vörður eru nú á Vörðumel.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Brimnes (1978). Sverrir Björnsson skráir. Örnefnastofnun Íslands.

Brimnes 146404 277 - 34

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir

Úr landamerkjalyngu fyrir Brimnes: „Að sunnan ræður lækur sá, sem rennur úr svokölluðu Litlhólsgili til sjávar, og frá fyrrnefndu gili úr vörðu þeirri sem höggvið er á B og L., beina sjónhending, eftir vörðum í stein stendur suðaustur í Grjóthól og höggvir eru á stafir B og L Svo beina sjónhending, sem vörður vísa í miðja Lómatjörn, að sunnan, svo úr norðurenda Lómatjarnar, sem vörður vísa til Háaleitis í vörðu þá, sem höggvið er á B og V, svo þaðan beina sjónhending í Geitagerði austanvert, þaðan beint út í Vagnabraut og ræður hún þaðan þar til hún kemur í þjóðveg, og þaðan vestur í Þjófadalalæk og ræður

hann til sjávar. Og nefnd jörð á frían upprekstur í Kolbeinsdalsafirétt” (Landamerkjaskrá fyrir Brimnes nr. 36).

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu sumarið 2006.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 36 fyrir Brimnes í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 15. maí 1885. Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. júní 1885.

Brimnes 146404 277 - 35

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir

Úr landamerkjalyýsingu fyrir Brimnes: „Að sunnan ræður lækur sá, sem rennur úr svokölluðu Litlhólsgili til sjávar, og frá fyrnefndu gili úr vörðu þeirri sem höggvið er á B og L., beina sjónhending, eftir vörðum í stein stendur suðaustur í Grjóthól og höggvir eru á stafir B og L Svo beina sjónhending, sem vörður vísa í miðja Lómatjörn, að sunnan, svo úr norðurenda Lómaarnar, sem vörður vísa til Háaleitis í vörðu þá, sem höggvið er á B og V, svo þaðan beina sjónhending í Geitagerði austanvert, þaðan beint út í Vagnabraut og ræður hún þaðan þar til hún kemur í Þjóðveg, og þaðan vestur í Þjófadalalæk og ræður hann til sjávar. Og nefnd jörð á frían upprekstur í Kolbeinsdalsafirétt” (Landamerkjaskrá fáiir Brimnes nr. 36).

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu sumarið 2006.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 36 fyrir Brimnes í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 15. maí 1885. Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. júní 1885.

Brimnes 146404 277 - 36

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir

Úr landamerkjalyýsingu fyrir Brimnes: „Að sunnan ræður lækur sá, sem rennur úr svokölluðu Litlhólsgili til sjávar, og frá fyrnefndu gili úr vörðu þeirri sem höggvið er á B og L., beina sjónhending, eftir vörðum í stein stendur suðaustur í Grjóthól og höggvir eru á stafir B og L Svo beina sjónhending, sem vörður vísa í miðja Lómatjörn, að sunnan, svo úr norðurenda Lómaarnar, sem vörður vísa til Háaleitis í vörðu þá, sem höggvið er á B og V, svo þaðan beina sjónhending í Geitagerði austanvert, þaðan beint út í Vagnabraut og ræður hún þaðan þar til hún kemur í Þjóðveg, og þaðan vestur í Þjófadalalæk og ræður hann til sjávar. Og nefnd jörð á frían upprekstur í Kolbeinsdalsafirétt” (Landamerkjaskrá fyrir Brimnes nr. 36).

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu sumarið 2006.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 36 fyrir Brimnes í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 15. maí 1885. Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. júní 1885.

Brimnes 146404 277 - 37

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir

Úr landamerkjalyýsingu fyrir Brimnes: „Að sunnan ræður lækur sá, sem rennur úr svokölluðu Litlhólsgili til sjávar, og frá fyrnefndu gili úr vörðu þeirri sem höggvið er á B og L., beina sjónhending, eftir vörðum í stein stendur suðaustur í Grjóthól og höggirnir eru á stafir B og L Svo beina sjónhending, sem vörður vísa í miðja Lómatjörn, að sunnan, svo úr norðurenda Lómaarnar, sem vörður vísa til Háaleitis í vörðu þá, sem höggvið er á B og V, svo þaðan beina sjónhending í Geitagerði austanvert, þaðan beint út í Vagnabraut og ræður hún þaðan þar til hún kemur í Þjóðveg, og þaðan vestur í Þjófadallalæk og ræður hann til sjávar. Og nefnd jörð á frían upprekstur í Kolbeinsdalsafreitt” (Landamerkjaskrá fyrir Brimnes nr. 36).

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu sumarið 2006.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 36 fyrir Brimnes í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 15. maí 1885. Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. júní 1885.

Brimnes 146404 277 - 38

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir

Úr landamerkjalyýsingu fyrir Brimnes: „Að sunnan ræður lækur sá, sem rennur úr svokölluðu Litlhólsgili til sjávar, og frá fyrnefndu gili úr vörðu þeirri sem höggvið er á B og L., beina sjónhending, eftir vörðum í stein stendur suðaustur í Grjóthól og höggirnir eru á stafir B og L Svo beina sjónhending, sem vörður vísa í miðja Lómatjörn, að sunnan, svo úr norðurenda Lómaarnar, sem vörður vísa til Háaleitis í vörðu þá, sem höggvið er á B og V, svo þaðan beina sjónhending í Geitagerði austanvert, þaðan beint út í Vagnabraut og ræður hún þaðan þar til hún kemur í Þjóðveg, og þaðan vestur í Þjófadallalæk og ræður hann til sjávar. Og nefnd jörð á frían upprekstur í Kolbeinsdalsafreitt” (Landamerkjaskrá fyrir Brimnes nr. 36).

Lýsing

Varða fannst ekki við skráningu sumarið 2006.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 36 fyrir Brimnes í Viðvíkurhreppi. Undirrituð 15. maí 1885.
Þinglýst á manntalsþingi að Viðvík 1. júní 1885.

Kolkuós

Saga

Kolkuós er eins og nafnið gefur til kynna við árósa Kolku. Örnefnið Kolbeinsárós er fyrst getið í Landnámu, á tveimur stöðum, þar sem í annað skiptið segir frá skipi er kom út í Kolbeinsárósi. Þar um borð var unghryssi það sem tapaðist í Brimnesskógum, mun hross þetta hafa verið allra hrossa fljótast og það var kallað Flugá. Þetta er og fyrsta heimild um verslun þá sem stunduð var í ósnum og er getið hér að neðan. Í annað skiptið segir frá því er Öndóttur kemur út í Kolbeinsárós og kaupir land af Sleitu-birni og settist að í Viðvík.⁴¹

Í Þórðar sögu hreðu⁴² segir frá skipi sem kemur út í Kolbeinsárós. Þar er fyrst nefndur hólmi sá er liggur úti fyrir ósnum og er nefndur Elínarhólmi og mun skipið hafa legið í vari við hann. Í Íslendinga sögu⁴³ Sturlu Þórðarsonar segir í tvígang frá skipum í Kolbeinsárósi, í fyrra skiptið segir: „Reið Sturla þaðan út til Kolbeinsáróss. Váru þar tvau skip í búnaði”.⁴⁴

Frá Kolbeinsárósi sigldu þau skip sem voru í eigu Hólastaðar og er þetta sú höfn sem næst er staðnum. Heimildir geta hafnar eða verslunarstaðar fram að aldamótunum 1600 en eftir það er þeirra hvergi getið. Dregur Hjalti Pálsson þá ályktun að það muni stafa af fyrirkomulagi einokunarverslunarinnar. Fluttist þá verslun að mestu að Hofsósi.⁴⁵ Jón Árni Friðjónsson segir í ritgerð sinni um hafnir Hólastaðar: „Kolbeinsárós er stærsti árósin í innanverðum Skagafirði, að frátöldum sjálfum Héraðsvatnaósunum. Meðan tíðkaðist að fleyta skipum upp í árósa og leggja þeim þar hefur þessi staður sennilega verið mjög hentugur. Að sunnanverðu er dálítill tangi sem skilur ósinn frá hafi. Þar er enn grasi vaxin jarðvegstorfa á lágum klöppum en mjög eydd þeim megin er veit til sjávar. Í rofinu má greina öskuleifar og bein sem brotin hafa verið til mergjar svo að augljóst er að hér er um að ræða leifar af fornum öskuhaug. Innan við klappirnar er alldjúpur og lygn pollur meðfram tiltölulega sléttri klöpp; þar má vissulega leggja að litlu skipi (ferju eða eftirbáti) til að losa eða ferma. Í krikanum fyrir enda klappanna er dálítill vík með leirbotni og fjöru þar sem mætti draga sæmilegustu farmaskip eða jafnvel miðlungsknörr á þurrt”.⁴⁶

Í Ferðabók Ólafs Olavíusar segir: “Fyrrum var höfn í Kolbeinsárósi, sem sögur herma. Mun það rétt, því að sunnan árinna sjást enn tóttir gamalla verzlunarhúsa”.⁴⁷

Samkvæmt heimildum mun Jón Arason biskup hafa látið reisa kirkju í Kolkuósi. Í biskupasögum (Söguþætti og ættatölu Jóns biskups Arasonar) segir: “Annað ár síns prestsdóms fékk hann Hrafnagils stað, og hélt þann stað til þess hann var kjörinn til biskups. Á þeim tíma sigldi hann tvisvar til Noregs fyrir biskup Gottskálk; í fyrra sinni kom hann út með kirkju við, hver sett var við Kolbeinsós, eins að gjörð og timburstofan

⁴¹ <http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>, 62. kafli.

⁴² <http://www.snerpa.is/net/isl/hredu.htm>, 7. kafli.

⁴³ Íslendingasaga (1946), 421, 522.

⁴⁴ Sama, 421.

⁴⁵ Hjalti Pálsson, 1979.

⁴⁶ Jón Árni Friðjónsson (2002), 38.

⁴⁷ Ólafur Ólavíus (1964), 329.

að Hólum, utan hún var öll af tré; en annan tíma fór hann með ix merkur gulls, og lét þar úr smíða gullkaleikinn góða, sem Danskir höfðu frá Hólum”.⁴⁸ Í skrá yfir eignir Hóladómkirkju á Hólastóls eftir fráfall Jóns Arasonar segir: ”Enn meste partur nýr þo nockut forntt wtan med. Alltarisklædi med þeladan refilsaum. Vij. Med einu vit Os [þarna segir neðanmáls að átt sé við Kolkuós]”⁴⁹ og síðar eru taldar eignir kirkju í Kolkuósi: ”Item vit Os. miol .iiij.tunn(u)r. Tiara .iiij. tunn(ur). halftt jarnfæt. storar kluckur. Ij. Nýjar. Ein litil klucka. stockur og kista. sæng alfær. brefere per anni sirculum. sequenciubok. messuklædi og hokull. Ein hud. Einn skipketill. pottr. Drangeyarfeste. tolfahringur alfær. teksahringr alfær. Þar til ij. forn skip j Malmey. halftt hia Amunda. wt j Fliotum .ij. eda .iiij. skip”.⁵⁰ Sveinn Pálsson getur þess í Ferðabók sinni að leifar kirkju hafi sést sunnan við ósinn (SP, 141).

Kolkuós varð löggiltur verslunarstaður 1881 en verslun mun ekki hafa hafist þar fyrr en um og eftir 1890 er verslanir á Sauðárkróki ráku þar verslun að sumarlagi. Fyrir aldamótin áttu þeir fjögur verslunarhús í Kolkuósi auk þess sem að Pöntunarfélag Skagfirðinga átti eitt. Verslunarhúsin og hús Pöntunarfélagsins voru síðar flutt í burtu.⁵¹

Árið 1891 fluttust fyrstu ábúendurnir, svo vitað sé, að Kolkuósi, hjónin Tómas Ísleiksson söðlasmiður og Guðrún Jóelsdóttir ljósmóðir, þau voru ekki með neinn búskap í Kolkuósi. Tómas og Guðrún fluttu til Vesturheims 1903.⁵² Jörðin átti nyrsta hluta Viðvíkurlands, frá Langhúsum (nú Ásgarði) niður að sjó og síðar keypti Hartmann Ásgrímsson nyrsta hluta Brimneslands.⁵³

Árið 1901 hóf Hartmann Ásgrímsson verslun í Kolkuósi og sama ár hóf hann búskap í Langhúsum ásamt konu sinni Kristínu Símonardóttur, í fyrstu aðeins á hluta jarðarinnar en hann keypti hana síðan árið 1910. Árið 1901 fluttu Hartmann og Kristín í Kolkuós en nytjuðu Langhús. Í Kolkuósi reisti hann verslunarhús úr timbri árið 1903 og neðri hæð íbúðarhúss en efri hæðin var byggð ári síðar. Árið 1913 var reist sláturhús úr steinsteypu og ári síðar réttarhús. Verslunarhúsið var úr timbri og stendur ekki lengur en íbúðarhúsið stendur enn.⁵⁴ Þegar Hartmann hóf búskap, hafði hann sauðfé, hænsni og hross og síðar geitur.⁵⁵ Hartmann og Kristín bjuggu í Kolkuósi til 1942 en þá var verslunarstarfsemi hætt og við búinu tóku Sigurmon sonur þeirra og Hafína Björnsdóttir, þau bjuggu í Kolkuósi til 1985.⁵⁶

Árið 2002 hófst undirbúningur að fornleifarannsókn í Kolkuósi og árið 2003 hófst uppgröftur þar. Grafið hefur verið þar í fjögur sumur, frá 2003 til 2006. Uppgröfturinn er svokallaður neyðaruppgröftur þar sem minjum á svæðinu stafar stöðug ógn af ágangi sjávar. Fornleifasrannsóknin er á vegum Hólarannsóknarinnar og Byggðasafns

⁴⁸ Biskupasögur (1878), 317.

⁴⁹ Íslenzkt fornbréfasafn XI, 852.

⁵⁰ Íslenzkt fornbréfasafn XI, 854.

⁵¹ Skagfirðingabók 13-14.

⁵² Jarða- og búendatal Skagafjarðar; Skagfirðingabók, 14.

⁵³ Björn Egilsson (1983), 14.

⁵⁴ Sama, 14-15.


⁵⁵ Sama, 20.

⁵⁶ <http://www.kolkuos.is/>.

Skagfirðinga. Uppgröfturinn hefur farið fram á tanga sem liggur norður/suður, sunnan við árósin. Niðurstöður úr rannsóknunum eru afar áhugaverðar og á tanganum hafa fundist leifar húsa frá landnámstíð og allt fram á 13. öld og benda niðurstöður til þess að búið hafi verið þar yfir sumartímann. Á tanganum hafa fundist minjar frá 13. öld, þar má nefna leifar af að minnsta kosti sex húsum eða búðum auk smiðju. Hlutverk húsanna er óþekkt en í einu gólf lagi fundust spónaflísar úr hvalbeini auk hluta af beini sem búið var að vinna.⁵⁷

Í júní 2003 var skrifað undir leigusamning milli Kolkuos ses, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Kolkuóss fjölskyldunnar. Samningur er til 55 ára og með honum samþykkir Kolkuos ses að standa að uppbyggingu staðarins. Plöntun birkis, sem ættað er úr birkilundi í Fögruhlíð í Austurdal hófst sumarið 2005, þar sem talið er að fyrrnefndur Brimnesskógur hafi verið.⁵⁸

Túnakort af Kolkuósi



⁵⁷ Ragnheiður Traustadóttir ofl, 2004.

⁵⁸ <http://www.kolkuos.is/>.

Fornleifaskráning

Kolkuós 146414 - 1



25. mynd. Kolkuós 2005. Íbúðarhúsið til hægri á mynd en Sláturhúsið, síðar fjárhús til vinstri. Ljósmynd. RT.

Sérheiti: Kolkuós

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarstæði

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Kristín Sigurmonsdóttir, ólst upp í Kolkuósi.

Staðhættir

Ekki er vitað til þess að búið hafi verið í Kolkuósi fyrir árið 1891 en þá hóf þar búskap Tómas Ísleiksson og kona hans Guðrún Jóelsdóttir. Bæjarstæðið hefur sennilega verið í hvamminum sunnan við ósa árinna Kolku. Í sama hvammi stóðu verslunarhús en lítið er eftir af þeim nema óljósar leifar húsgrunna. Kolkuós var löggiltur verslunarstaður frá 1881 þó að verslun hafi ekki hafist þar fyrr en um 1890. (JBS, 84-85).

Lýsing

Heimildamaður segir að aldrei hafi verið torfbær, eða íbúðarhús úr timbri, í Kolkuósi heldur munu Tómas og Guðrún hafa búið í einhverju af verslunarhúsunum. Tómas mun þó hafa átt lóð í Kolkuósi því að í Dómsmálabók Skagafjarðar frá 5. ágúst 1897 segir: „[...] en að norðan af lóð Tómasar Ísleikssonar”.

Heimildaskrá

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skráum yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959. Dómsmálalabók Skagafjarðar 1895-1899 I. 18. apríl – 29. október 1897.

Kolkuós 146414 - 2

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Framkvæmdir

Heimildamaður: Kristín Sigurmons dóttir

Staðhættir

Í örnefnaskrá stendur: „Suður frá Kolkuósi liggur vegurinn um gil í melbakkann, sem kallast Klauf, vestan við hana er gamall Kirkjugarður, þar stóð bænhús til forna. Sunnar eru Þjófadallir og eftir þeim rennur Þjófdalalækur, sem skiptir löndum, samanber landamerkjaskrá Brimness og Viðvíkur”(ÖSB, 1).

Lýsing

Á melunum sunnan við Kolkuós, um 150 m suðsuðvestur af íbúðarhúsinu í Kolkuósi, vestan við Klauf er sporöskjulaga hóll um 8x6 m að ummáli (482851,84/591347,47). Í honum er ferhyrnd dæld um 2x2 m að innanmáli. Í júlí 2002 gerði Douglas Bolender á vegum Hólarannsókninnar rannsókn á borkjörnum úr jarðvegi og leiddi hún í ljós að engin mannvistarlög eru í hólnum. Telur hann að ferhyrnda dældin í hólnum sé manngerð (Bolender, 2003). Kristín Sigurmons dóttir dregur í efa að kirkja eða kirkjugarður hafi verið á þessum stað þar sem þarna var áður örfoka melur og man hún ekki eftir neinum tóftum þar.

Aðrar upplýsingar

Víðar en í örnefnaskrá er minnst á kirkju eða bænhús á þessum stað. Í biskupasögum (Sögubætti og ættatölu Jóns biskups Arasonar) segir: „Annað ár síns prestsdóms fékk hann Hrafnagils stað, og hélt þann stað til þess hann var kjörinn til biskups. Á þeim tíma sigldi hann tvisvar til Noregs fyrir biskup Gottskálk; í fyrra sinni kom hann út með kirkju við, hver sett var við Kolbeinsós, eins að gjörð og timburstofan að Hólum, utan hún var öll af tré; en annan tíma fór hann með ix merkur gulls, og lét þar úr smíða gullkaleikinn góða, sem Danskir höfðu frá Hólum” (317).

Í skrá yfir eignir Hóladómkirkju á Hólastóls eftir fráfali Jóns Arasonar segir: „Enn meste partur nýr þo nockut forntt wtan med. Alltarisklædi med þeladan refilsaum. Vij. Med einu vit Os [þarna segir neðanmáls að átt sé við Kolkuós]” (DI XI, 852) og síðar eru taldar eignir kirkju í Kolkuósi: „Item vit Os. miol .iiij.tunn(u)r. Tiara .iiij. tunn(ur). halftt jarnfæt. storar kluckur. Ij. Nýjar. Ein litil klucka. stockur og kista. sæng alfær. brefere per anni sirculum. sequenciubok. messuklædi og hokull. Ein hud. Einn skipketill. pottr. Drangeyarfeste. tolfahringur alfær. teksahringr alfær. Þar til ij. forn skip j Malmey. halftt hia Amunda. wt j Fliotum .ij. eda .iiij. skip” (DI XI, 854).

Sveinn Pálsson segir í Ferðabók sinni: ”Við ósa Kolbeinsdalsár hefur verið höfn til forna, og sjást enn minjar um kirkju sunnan við ósinn” (SP, 141). Í Jarða- og búendatali í

Skagafjarðarsýslu kemur fram að talið sé að kirkja eða bænhus hafi verið reist í Kolkuósi nokkru fyrir siðaskipti og að það hafi verið eina bjálkakirkjan sem reist hafi verið á Íslandi (84).

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands) (1978). Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steindór Jónsson (íslenskuðu).

Ferðabók Sveins Pálssonar: Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Jón Eyþórsson bjó til prentunar. Snælandsútgáfan, 1945.

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skráum yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. arg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959.

Douglas Bolender: *Kolkuós Archaeological Research, Hólarannsóknin – Preliminary Coring Report from the 2003 season.* (Viðauki við skýrslu Hólarannsóknar 2003).

Kolkuós 146414 - 3

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Framkvæmdir

Heimildamaður: Kristín Sigurmons dóttir

Staðhættir

Í örnefnaskrá stendur: „Suður frá Kolkuósi liggur vegurinn um gil í melbakkann, sem kallast Klauf, vestan við hana er gamall Kirkjugarður, þar stóð bænhus til forna. Sunnar eru Þjófadallir og eftir þeim rennur Þjófdalalækur, sem skiptir löndum, samanber landamerkjaskrá Brimness og Viðvíkur”(ÖSB, 1).

Lýsing

Engar aðrar heimildir nefna kirkjugarð, aðeins kirkju eins og sjá má að ofan. Kirkjugarður fannst ekki við skráningu 2006. Heimildamaður man ekki eftir að hafa heyrt um kirkjugarð í Kolkuósi og man hvorki eftir beinafundum né ummerkjum um garð.

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands) (1978). Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Kolkuós 146414 - 4



26. mynd. Íbúðarhús í Kolkuósi 1942. Birt með góðfúslegu leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga..

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Íbúðarhús
Staðsetning:
A: 482904,43
N: 591500,09
Ástand: Sæmilegt,
ráðgerð viðgerð á húsinu
á komandi árum.

Staðhættir

Í jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu segir: „Árið 1881, var Kolbeinsárós löggiltur verzlunarstaður. Verzlun mun þó ekki hafa hafizt þar fyrr en um og eftir 1890, voru það verzlanir á

Sauðáárkróki, er höfðu þar útibú og ráku þar verzlun að sumrinu” (JBS, 84). Í Skagfirðingabók segir eftirfarandi: „Fyrir aldamótin voru fjögur verzlunarhús í Kolkuósi, sem kaupmenn á Sauðárkóki áttu, og auk þess eitt, hið syðsta, sem var í eigu Pöntunarfélags Skagfirðinga, eða það hafði það á leigu. Þarna var verslað yfir sumarið, meðan kaupskip lágu við Kolkuós. Þessi hús voru ekki stór, byggð með risi yfir. Verslað var á neðri hæð, en starfsfólk svaf á loftinu” (Skagfirðingabók, 14). Þar segir einnig: „Þegar verzlunarfélagi Hartmanns og Einars í Brimnesi lauk, hófust miklar framkvæmdir í Kolkuósi. Árið 1903 var reist hús yfir verzlunina og sama ár var byggð neðri hæð íbúðarhúss yfir kjallara og efri hæð á næsta ári. Verzlunarhúsið var timburhús, og er það ekki lengur til. Íbúðarhúsið stendur enn og er hið reisulegasta; timburhús á hlöðnum kjallaraveggjum”(Skagfirðingabók, 15).

Lýsing

Tvö hús eru uppistandandi í Kolkuósi í dag. Annarsvegar íbúðarhús Hartmanns Ásgrímssonar og Kristínar konu hans, reist 1903-1904, og hinsvegar sláturhús út steypu reist 1913. Íbúðarhúsið stendur austan við veg þann sem liggur niður að ósnum. Ráðgert er að gera húsið upp á næstu árum (sbr. www.kolkuos.is).

Heimildaskrá

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skrám yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959. Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í Skagfirðingabók. 12. bindi, 7-35.

Kolkuós 146414 - 5

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 482944,975


N: 591558,708

Ástand: Sæmilegt

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Landrof og framkvæmdir

Heimildamaður: Kristín Sigurmondóttir



Staðhættir

Tæplega 60 m í norðvestur frá íbúðarhúsi Hartmanns Ásgrímssonar í Kolkuósi er fjárhústóft. Fjárhúsin voru í eigu Ásgríms, föður Hartmanns, um þau segir í lýsingu Marteins Steinssonar: „Þarna norðan á taglinu er mér sagt að grjót hafi veri tekið 1918, þegar allur fjörðurinn var lagður og samfrosta og var ekið heim að kofanum, sem er á hæðinni út við ána í Kolkuósi. Þetta voru fjárhúsin Ásgríms gamla” (MS, 2-3). Heimildamaður getur þess að við torfhúsin hafi veri byggð hlaða úr bárujárnri og hesthús fyrir 4 hesta.

Lýsing

Tóftin stendur fremst á árbakkanum við Kollu og eru teknar að falla í ána. Tóftin er tvöföld, um 20x7 m að utanmáli, með hlöðu til suðurs. Til norður eru nokkuð háar veggjahleðslur um 1.6 m, úr torfi og grjóti. Vesturvegg tóftar vantar alfarið. Í syðri hluta tóftar, hugsanlega hlöðu, eru veggir töluvert lægri og virðist sá hluti tóftar vera heldur meira niðurgrafinn. Sá hluti er mjög gróinn en sér í nokkra stóra steina, líklega úr veggjahleðslum. Erfitt er að greina innveggi nákvæmlega en þó virðist vera einn veggur fyrir miðju tóftar. Hæð um 80 sm frá gólfi og mesta breidd veggja er 1 m.

Heimildaskrá

Viðtal við Martein Steinsson (1993). Hjalti Pálsson tók viðtalið og skráði.

Kolkuós 146414 - 6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft/Hóll

Staðsetning: A: 482918,123 N: 591564,805

Ástand: Lélegt

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Landrof og framkvæmdir

Staðhættir

Um 55 m norður af íbúðarhúsinu og um 17 m vestur af fjárhúsi (146414-4) er upphækkun eða lágur hóll.

Lýsing

Ummál hólans er 10x6 m hann er algróinn og ómögulegt er að greina veggjalög eða nokkur ákveðið lag á honum. Samkvæmt rannsóknum Douglas Bolender á vegum Hólarannsóknarinnar árið 2003 er að finna á þessu svæði mannvistarlög, hugsanlega allt frá 11. öld. Nánari rannsókn á þó eftir að fara fram á svæðinu (Bolender, 2003).

Kolkuós 146414 - 7

Hlutverk: Geitahús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 482922,966 N: 591482,790 (eftir lýsingu Kristínar

Sigurmonsdóttur)

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Kristín Sigurmonsdóttir.

Staðhættir

Hartmann og Kristín voru með geitur og segir um það í Skagfirðingabók „Hartmanni í Kolkuósi þótti þessi heyskapur dýr og fargaði kúnni eða seldi á næsta ári og keypti tólf eða fimmtán geitur” (Skagfirðingabók, 20), um geitahúsin segir í lýsingu Marteins Steinssonar: „Íbúðarhúsið kemur svo næst í röðinni, en síðan fjósið. Geitakofi stóð austar og ofar í brekkunni. Hartmann hafði um tíma geitur. Kofinn var kallaður Geitaskáli” (MS, 1).

Lýsing

Búið er að rífa geitaskálann en Kristín man eftir tóftinni af honum. Hugsanleg veggjalög eru ofan eða suðaustan við þar sem gamla fjósið stóð en þau eru afar ógreinileg. Þar gæti verið um að ræða leifar Geitaskálans.

Heimildaskrá

Viðtal við Martein Steinsson (1993). Hjalti Pálsson tók viðtalið og skráði.

Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Douglas Bolender: *Kolkuós Archaeological Research, Hólarannsóknin – Preliminary Coring Report from the 2003 season*. (Viðauki við skýrslu Hólarannsóknar 2003).

Kolkuós 146414 - 8

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 482813,72 N: 591279,51

Ástand: Ekki í notkun

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Heimildamenn: Margrét og Kristín Sigurmonsdætur

Staðhættir

Á túnakorti eru sýnd 2 tún, annað umhverfis bæinn. Við hitt túnið er sýndur matjurtagarður. Samkvæmt heimildamanni voru tveir matjurtagarðar í Kolkuósi. Kartöflugarður

var í brekkunni ofan fjóssins og rababargarðurur var norðan við fjárhúsin sem eru við Þjófadali.

Lýsing

Samkvæmt Kristínu Sigurmonsdóttur var rababargarðururinn var um 100 m norðaustur af fjárhúsunum, í skorningi og snéri hann mót suðri. Þegar skráning fór fram var mjög mikill gróður á svæðinu og sást garðurinn ekki en hnit voru tekin af loftmynd samkvæmt lýsingu Kristínar.

Heimildaskrá

Túnakort af Kolkuósi (1917). Mælt af K. Kristinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kolkuós 146414 - 9

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 482872,00 N: 591479,25

Ástand: Ekki í notkun

Hætta: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Heimildamaður: Margrét og Kristín Sigurmonsdætur

Staðhættir

Samkvæmt heimildamönnum var kartöflugarður suður af sláturhúsinu, sem síðar var notað sem fjárhús.

Lýsing

Punktur tekinn samkvæmt lýsingum heimildarmanna.

Heimildaskrá

Túnakort af Kolkuósi (1917). Mælt af K. Kristinssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kolkuós 146414 -10

Sérheiti: Kolbeinsárós/Kolkuós

Hlutverk: Lending, Uppsátur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 482891,71 N: 591651,33

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Landrof

Staðhættir

Ós Kolbeinsár (Kolku) sem rennur milli Kolkuósslands og Melstaðar. Úti fyrir ósnum er Elínarhólmi. Lýsing Jóns Árna Friðjónssonar: „Kolbeinsárós er stærsti árósin í innanverðum Skagafirði, að frátöldum sjálfum Héraðsvatnaósunum. Meðan tíðkaðist að fleyta skipum upp í árósa og leggja þeim þar hefur þessi staður sennilega verið mjög hentugur. Að sunnanverðu er dálítill tangi sem skilur ósinn frá hafi. Þar er enn grasi vaxin jarðvegstorfa á lágum klöppum en mjög eydd þeim megin er veit til sjávar. Í rofinu má greina öskuleifar og bein sem brotin hafa verið til mergjar svo að augljóst er að hér er um

að ræða leifar af fornum öskuhaug. Innan við klappirnar er alldjúpur og lygn pollur meðfram tiltölulega sléttri klöpp; þar má vissulega leggja að litlu skipi til að losa eða ferma. En í krikanum fyrir enda klappanna er dálítill vík með leirbotni og fjöru þar sem mætti draga sæmilegustu farmaskip eða jafnvel miðlungsknör á þurrt” (38). Neðansjávarransóknir hafa sýnt fram á að ólíklegt sé að skipum hafi verið lagt innan við árósa, nema í undantekningartilvikum, á 13. og 14. öld þar sem mjög grunnt er þar. Víkingaskip rystu grynna og því hefur verið möguleiki að fara á þeim inn á ósinn á flóði (Munnleg heimild: Ragnheiður Traustadóttir).

Lýsing

Punktur var tekinn austan við tangann í Kolkuósi. Vegna landrofs, bæði vegna ágangs sjávar og framburði úr jökulánum breytist landslag hratt við Kolkuós og eru forsendur nú allt aðrar en þegar þarna var höfn.

Aðrar upplýsingar

Kolbeinsáróss er víða getið í heimildum og fornritum sem hafnar. Jón Árni Friðjónsson telur að skipum hafi að minnsta kosti verið lent í honum á 13. og 14. öld. Á 15. og 16. öld voru skip orðin of stór til að þeim gæti verið lent í ósnum sjálfum (39).

Heimildaskrá

Jón Árni Friðjónsson: *Hafnir Hólastaðar. Um Kolbeinsárós og aðrar miðaldahafnir Skagfirðinga*. M.A.-ritgerð í sagnfræði. Heimspekideild Háskóla Íslands. 2002.
Munnleg heimild: Ragnheiður Traustadóttir 03.05.2007.

Kolkuós 146414 - 11

Sérheiti: Elínarhólmi

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 482569,18 N: 591730,79

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Landrof

Heimildamaður: Kristín Símonardóttir

Staðhættir

Elínarhólmi er lítill hólmi í sjónum vestan við Kolkuós. Í sjónum er klapparhryggur milli Elínarhólma og Tanga, framan við Kolkuós. Í grein eftir Björn Emilsson kemur fram að kaupskip hafi legið suðvestan við Elínarhólma í tíð Hartmanns Ásgrímssonar á því miði, að vesturjaðar Elínarhólma bar í Hofsós (18). Í ritgerð sinni um hafnir Hólastaðar telur Jón Árni Friðjónsson að skipum hafi verið lagt við Elínarhólma á 15. og 16. öld þegar skip voru orðin stærri og fullkomnari en skip 13. og 14. aldar sem sennilega hefur verið lagt inn í ósinn sjálfan (39). Neðansjávarransóknir hafa sýnt fram á að ólíklegt sé að skipum hafi verið lagt innan við árósa, nema í undantekningartilvikum, á 13. og 14. öld þar sem mjög grunnt er þar. Víkingaskip rystu grynna og því hefur verið möguleiki að fara á þeim inn á ósinn á flóði (Munnleg heimild: Ragnheiður Traustadóttir).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var bátum lagt sunnan við hólmann og fór uppskipunarbátur á milli með vörur og var þá smá bryggju rennt út í fjöruna við Kolkuós.

Neðansjávarkönnun sem gerð var við hólmann sumarið 2005 leiddi í ljós með óyggjandi hætti að hafskip hafa lagt upp í skjóli við hólmann allt frá fornu fari en fornar akkerisleifar fundust þar á sjávarbotni. Auk þess eru minjar í eyjunni, ógreinileg tóftarbrot en þau voru ekki skráð 2006.

Örnefni

Elínarhólmi er nefndur Helenarhólmi í skrá um landamerki Viðvíkur og fleiri jarða í Skagafirði frá því um 1500 (DI VII, 463.) Einnig er hann nefndur Helenarey í fornum bréfum (ÖSB, 1).

Heimildaskrá

Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Jón Árni Friðjónsson: *Hafnir Hólastaðar. Um Kolbeinsárós og aðrar miðaldahafnir Skagfirðinga*. M.A.-ritgerð í sagnfræði. Heimspekideild Háskóla Íslands. 2002. *Íslenzkt fornbréfasafn VII, 1170-1505*. Hið íslenska bókmenntafélag Reykjavík. 1903-1907.

Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands) (1978). Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Munnleg heimild: Ragnheiður Traustadóttir 03.05.2007.

Kolkuós 146414 - 12

Hlutverk: Verslunarstaður

Tegund: Fornleifar, tóftaþyrping

Staðsetning: A: 482879,39 N: 591646,63

Ástand: Lélegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Landrof

Staðhættir

Í sýslu- og sóknalýsingum frá 1843 segir: „Upp í Kolbeinsárós lögðu fornmenn skipum sínum og höfðu þar kaupþún sunnan árinna á tanga eigi miklum, er til norðurs veit. Sér þar enn aurmál tófta og væri hið fegursta og að líkindum óhultasta kaupstaðarstæði við Skagafjörð” (SS, 125).

Lýsing

Töluvert af minjum á tanganum við Kolkuós er þegar farið í sjó og landrof er þarna mikið vegna ágangs sjávar. Fornleifauppgröftur hefur staðið yfir á tanganum frá árinu 2003, en auk þess var, sumarið 2005, gerð neðansjávarrannsókn sunnanvert við Elínarhólma. Fram hafa komið mannvirkjaleifar á tanganum s.s. búða og smiðju en einnig hafa komið þar fram vísbendingar um jarðhús og jafnvel gröf úr heiðnum sið. Neðansjávarrannsóknin leiddi í ljós með óyggjandi hætti að skipalægi hefur verið sunnan Elínarhólma en tvö akkeri fundust við rannsóknina.

Rannsóknin í Kolkuósi er skilgreind sem neyðarrannsókn þar sem minjar eru í mikilli hættu frá ágangi sjávar. (Sjá nánar skýrslur Hólarannsóknar).

Heimildaskrá

Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, II bindi. Skagafjarðarsýsla. Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson bjuggu til prentunar. Akureyri 1954.

Kolkuós 146414 - 13

Sérheiti: Verslun V. Claessen

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í jarða- og búendatali Skagafjarðasýslu segir: „Árið 1881, var Kolbeinsárós löggiltur verzlunarstaður. Verzlun mun þó ekki hafa hafizt þar fyrr en um og eftir 1890, voru það verzlunarir á Sauðárkróki, er höfðu þar útibú og ráku þar verzlun að sumrinu” (JBS, 84). Í Skagfirðingabók segir eftirfarandi: „Fyrir aldamótin voru fjögur verzlunarhús í Kolkuósi, sem kaupmenn á Sauðárkóki áttu, og auk þess eitt, hið syðsta, sem var í eigu Pöntunarfélags Skagfirðinga, eða það hafði það á leigu. Þarna var verzlað yfir sumarið, meðan kaupskip lágu við Kolkuós. Þessi hús voru ekki stór, byggð með risi yfir. Verzlað var á neðri hæð, en starfsfólk svaf á loftinu” (Skagfirðingabók, 14).

Lýsing

Þann 14. júní 1895 var mæld upp lóð í Kolkuósi fyrir V. Claessen kaupmann á Sauðárkróki, fékk hann úthlutað svæði fyrir austan Poppslóð, upp með Kolku um 25 álnir og til suðurs 80 álnir og þaðan réttsýni í vestur til lóðar Stefáns verslunarstjóra Jónssonar (Úr Dómsmálabók Skagafjarðar 26. júní 1895).

Heimildaskrá

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skráum yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959. Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Dómsmálabók Skagafjarðar 1895-1899 I. 18. apríl – 29. október 1897.

Kolkuós 146414 - 14

Sérheiti: Verslun L. Popp

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í jarða- og búendatali Skagafjarðasýslu segir: „Árið 1881, var Kolbeinsárós löggiltur verzlunarstaður. Verzlun mun þó ekki hafa hafizt þar fyrr en um og eftir 1890, voru það verzlunarir á Sauðárkróki, er höfðu þar útibú og ráku þar verzlun að sumrinu” (JBS, 84). Í Skagfirðingabók segir eftirfarandi: „Fyrir aldamótin voru fjögur verzlunarhús í Kolkuósi, sem kaupmenn á Sauðárkóki áttu, og auk þess eitt, hið syðsta, sem var í eigu Pöntunarfélags Skagfirðinga, eða það hafði það á leigu. Þarna var verzlað yfir sumarið, meðan kaupskip lágu við Kolkuós. Þessi hús voru ekki stór, byggð með risi yfir. Verzlað var á neðri hæð, en starfsfólk svaf á loftinu” (Skagfirðingabók, 14).

Lýsing

L. Popp kaupmaður á Sauðárkróki fékk útmelda lóð 15. júní 1889. Að hans ósk fékk hann lóð frá sjávarmáli og til austurs upp með Kolku, 40 álnir og til suðurs 55 álnir í

ferhyrning aftur til sjávar. Samtals 2200 álnir (Úr Dómsmálabók Skagafjarðar 15. janúar 1889).

Heimildaskrá

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skrám yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959. Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Dómsmálabók Skagafjarðar 1895-1899 I. 18. apríl – 29. október 1897.

Kolkuós 146414 - 15

Sérheiti: Verslun Stefáns Jónssonar

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu segir: „Árið 1881, var Kolbeinsárós löggiltur verzlunarstaður. Verzlun mun þó ekki hafa hafizt þar fyrr en um og eftir 1890, voru það verzlunarir á Sauðárkróki, er höfðu þar útibú og ráku þar verzlun að sumrinu” (JBS, 84). Í Skagfirðingabók segir eftirfarandi: „Fyrir aldamótin voru fjögur verzlunarhús í Kolkuósi, sem kaupmenn á Sauðárkóki áttu, og auk þess eitt, hið syðsta, sem var í eigu Pöntunarfélags Skagfirðinga, eða það hafði það á leigu. Þarna var verzlað yfir sumarið, meðan kaupskip lágu við Kolkuós. Þessi hús voru ekki stór, byggð með risi yfir. Verzlað var á neðri hæð, en starfsfólk svaf á loftinu” (Skagfirðingabók, 14).

Lýsing

Tvö hús eru uppistandandi í Kolkuósi í dag. Annarsvegar íbúðarhús Hartmanns Ásgrímssonar og Kristínar konu hans og hinsvegar steipt sláturhús reist 1913. Samkvæmt heimildum fékk Stefán útmælt svæði sem takmarkaðist að norðan af lóð Poppis kaupmanns, 65 fet að lengd frá lóð V. Claessen til sjávar og þaðan upp í brekkuna 80 fet, þaðan til suðausturs 90 fet og þaðan beina línu til norðurs þar sem lóðir L. Poppis og V. Claessen mættust, 120 fet (Úr Dómsmálabók Skagafjarðar. 5. ágúst 1897).

Heimildaskrá

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skrám yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959. Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Dómsmálabók Skagafjarðar 1895-1899 I. 18. apríl – 29. október 1897.

Kolkuós 146414 - 16

Sérheiti: Lóð Carls Holm

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu segir: „Árið 1881, var Kolbeinsárós löggiltur verzlunarstaður. Verzlun mun þó ekki hafa hafizt þar fyrr en um og eftir 1890, voru það verzlunir á Sauðárkróki, er höfðu þar útibú og ráku þar verzlun að sumrinu” (JBS, 84). Í Skagfirðingabók segir eftirfarandi: “Fyrir aldamótin voru fjögur verzlunarhús í Kolkuósi, sem kaupmenn á Sauðárkóki áttu, og auk þess eitt, hið syðsta, sem var í eigu Pöntunarfélags Skagfirðinga, eða það hafði það á leigu. Þarna var verzlað yfir sumarið, meðan kaupskip lágu við Kolkuós. Þessi hús voru ekki stór, byggð með risi yfir. Verzlað var á neðri hæð, en starfsfólk svaf á loftinu” (Skagfirðingabók, 14).

Lýsing

Tvö hús eru uppistandandi í Kolkuósi í dag. Annarsvegar íbúðarhús Hartmanns Ásgrímssonar og Kristínar konu hans og hinsvegar sláturhús út steypu reist 1913. Samkvæmt Dómsmálabók Skagafjarðar fékk Carl Holm á Oddeyri útmælda lóð í Kolkuósi. Eftir ósk fékk hann ferhyrnt svæði 45 álnir á hvora hlið. Lóðin takmarkaðist af lóð V. Claessen að vestan og norðan af lóð Tómasar Ísleikssonar (Úr Dómsmálabók Skagafjarðar. 5. ágúst 1897).

Heimildaskrá

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skrám yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959. Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Dómsmálabók Skagafjarðar 1895-1899 I. 18. apríl – 29. október 1897.

Kolkuós 146414 - 17

Sérheiti: Hús Pöntunar-

félags Skagafjarðar

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Heimild

Ástand: Húsið hefur verið flutt að Læk í Óslandshlíð.

Heimildamaður: Kristín Sigurmons dóttir



Staðhættir

Í jarða- og búendatali

Skagafjarðarsýslu segir:

„Árið 1881, var

Kolbeinsárós löggiltur

verzlunarstaður. Verzlun

mun þó ekki hafa hafizt þar

fyrr en um og eftir 1890, voru það verzlunir á Sauðárkróki, er höfðu þar útibú og ráku þar

verzlun að sumrinu” (JBS, 84). Í Skagfirðingabók segir eftirfarandi: „Fyrir aldamótin

voru fjögur verzlunarhús í Kolkuósi, sem kaupmenn á Sauðárkóki áttu, og auk þess eitt,

hið syðsta, sem var í eigu Pöntunarfélags Skagfirðinga, eða það hafði það á leigu. Þarna

27. mynd. Hús Pöntunarfélags Skagafjarðar er fyrir miðri mynd. Birt með góðfúslegu leyfi Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

var verzlauð yfir sumarið, meðan kaupskip lágu við Kolkuós. Þessi hús voru ekki stór, byggð með risi yfir. Verzlauð var á neðri hæð, en starfsfólk svaf á loftinu” (Skagfirðingabók, 14).

Lýsing

Tvö hús eru uppistandandi í Kolkuósi í dag. Annarsvegar íbúðarhús Hartmanns Ásgrímssonar og Kristínar konu hans og hinsvegar sláturhús út steypu reist 1913. Verslunarhúsin hafa annaðhvort verið rifin eða færð. Viðvíkurhreppur keypti hús pöntunarfélagsins árið 1920 og var það flutt að Læk, stækkað og notað fyrir barnaskóla og fundi (Skagfirðingabók, 15). Verslunarhúsið stóð norðan og neðan við búð Hartmanns. Þar verzlauði síðar Sæmundur Sigfússon (MS, 1). Man heimildamaður eftir tveimur grjóthlöðnum húsgrunnum í Kolkuósi sem síður voru fylltir og síðan slegnir.

Heimildaskrá

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skráum yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959. Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Kolkuós 146414 - 18

Sérheiti: Verslun Einars Jónssonar og Hartmanns Ásgrímssonar

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir

Í jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu segir: „Árið 1881, var Kolbeinsárós löggiltur verzlunarstaður. Verzlun mun þó ekki hafa hafizt þar fyrr en um og eftir 1890, voru það verzlunir á Sauðárkróki, er höfðu þar útibú og ráku þar verzlun að sumrinu” (JBS, 84). Í Skagfirðingabók segir eftirfarandi: „Fyrir aldamótin voru fjögur verzlunarhús í Kolkuósi, sem kaupmenn á Sauðárkóki áttu, og auk þess eitt, hið syðsta, sem var í eigu Pöntunarfélags Skagfirðinga, eða það hafði það á leigu. Þarna var verzlauð yfir sumarið, meðan kaupskip lágu við Kolkuós. Þessi hús voru ekki stór, byggð með risi yfir. Verzlauð var á neðri hæð, en starfsfólk svaf á loftinu” (Skagfirðingabók, 14). Þar segir einnig: „Þegar verzlunarfélagi Hartmanns og Einars í Brimnesi lauk, hófust miklar framkvæmdir í Kolkuósi. Árið 1903 var reist hús yfir verzlunina og sama ár var byggð neðri hæð íbúðarhúss yfir kjallara og efri hæð á næsta ári. Verzlunarhúsið var timburhús, og er það ekki lengur til. Íbúðarhúsið stendur enn og er hið reisulegasta; timburhús á hlöðnum kjallaraveggjum”(Skagfirðingabók, 15).

Lýsing

7. ágúst 1897 var mæld út lóð handa Einari Jónssyni bónda í Brimnesi (líklegt er að þar sé um að ræða sameiginlega verslun Einars og Hartmanns). Samkvæmt beiðni fékk hann útmælda lóð, rétthyrndan ferhyrning, austur- og vesturhliðar 30 álnir en norður- og suðurhliðar 45 álnir (Úr Dómsmálabók Skagafjarðar. 7. ágúst 1897).

Nánari lýsing

Í Skagfirðingabók segir: „Árið 1901, þegar Hartmann flutti heimili sitt að Kolkuósi og hóf þar verzlun, var Einar Jónsson bóndi og hreppsstjóri í Brimnesi í félagi við hann með verzlunina. Einar átti Margréti Símonardóttur, systur Kristínar í Kolkuósi.

Árið 1891 var kirkjan að Miklabæ í Óslandshlíð lögð niður, og litlu síðar fauk hún eða skekkist á grunni, og þar á eftir var hún rifin. Þeir Hartmann og Einar í Brimnesi keyptu grindina, fluttu hana til Kolkuóss, klæddu hana og settu þak á og hófu verzlun í því húsi. En þessi félagsverzlun stóð ekki nema eitt ár. Þá var kirkjugrindin flutt að Brimnesi, þar sem byggt var utan um hana, og stóð hún þar lengi síðan sem geymsluhús” (Skagfirðingabók, 15).

Heimildaskrá

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skráum yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959. Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Dómsmálabók Skagafjarðar 1895-1899 I. 18. apríl – 29. október 1897.

Kolkuós 146414 - 19



28. mynd. Verslun Hartmanns er annað hús frá vinstri. Myndin er fyrir 1940. (Í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga).

Sérheiti: Verslun Hartmanns Ásgrímssonar

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 482889,89 N: 591508,03

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Kristín Símonardóttir

Staðhættir

Í jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu segir: „Árið 1881, var Kolbeinsárós löggiltur verzlunarstaður. Verzlun mun þó ekki hafa hafizt þar fyrr en um og eftir 1890, voru það verzlunir á Sauðárkróki, er höfðu þar útibú og ráku þar verzlun að sumrinu” (JBS, 84). Í Skagfirðingabók segir eftirfarandi: „Fyrir aldamótin voru fjögur verzlunarhús í Kolkuósi, sem kaupmenn á Sauðárkóki áttu, og auk þess eitt, hið syðsta, sem var í eigu Pöntunarfélags Skagfirðinga, eða það hafði það á leigu. Þarna var verzlað yfir sumarið, meðan kaupskip lágu við Kolkuós. Þessi hús voru ekki stór, byggð með risi yfir. Verzlað var á neðri hæð, en starfsfólk svaf á loftinu” (Skagfirðingabók, 14). Þar segir einnig: „Þegar verzlunarfélagi Hartmanns og Einars í Brimnesi lauk, hófust miklar framkvæmdir í Kolkuósi. Árið 1903 var reist hús yfir verzlunina og sama ár var byggð neðri hæð íbúðarhúss yfir kjallara og efri hæð á næsta ári. Verzlunarhúsið var timburhús, og er það ekki lengur til. Íbúðarhúsið stendur enn og er hið reisulegasta; timburhús á hlöðnum kjallaraveggjum”(Skagfirðingabók, 15).

Lýsing

Tvö hús eru uppistandandi í Kolkuósi í dag. Annarsvegar íbúðarhús Hartmanns Ásgrímssonar og Kristínar konu hans og hinsvegar sláturhús út steypu reist 1913. Verslunarhúsin hafa annaðhvort verið rifin eða færð. Verslun Hartmanns var norðvestan við íbúðarhús hans þar sem nú er keyrt niður á milli íbúðarhúss og sláturhúss. Samkvæmt heimildamanni var verslunarhúsið rífið eftir 1940.

Nánari lýsing

Í lýsingu Marteins Steinssonar segir um verslunina: „Á miðri mynd er búðin Hartmanns á tveim hæðum. Verzlað var á neðri hæðinni, en uppi var geymsla fyrir varning og lúga norðan á húsinu. Það var Jón Árnason frá Kambi, sem byggði bæði íbúðarhúsið og búðina” (MS, 1).

Heimildaskrá

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skráum yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959. Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Viðtal við Martein Steinsson (1993). Hjalti Pálsson tók viðtalið og skráði.

Kolkuós 146414 - 20



Hlutverk: Verslun?
Tegund: Grunnur
Staðsetning:
A: 482887,246
N: 591536,455
Ástand: Sæmilegt

Staðhættir

Um 30 m norður af íbúðarhúsinu er nálega ferhyrnd upphækkun eða hóll um 8,5x7 m að utanmáli.

Lýsing

Hóllinn er algróinn og snýr norður/suður. Engin greinanleg veggjalög sjást og er lík-

29. mynd. Grunnur verslunarhúsnaðis til vinstri. Ljós. BZ.

lega um að ræða grunn af verslunarhúsi.

Kolkuós 146414 - 21

Hlutverk: Ferjustaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Kristín Sigurmons dóttir

Staðhættir

Í sýslu- og sóknalýsingum frá 1843 segir: „Ferjustaður er á ánni niður við ósinn, frá Marbæli í Óslandshlíð” (SS, 125).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var ferjað yfir ósinn á pramma. Síðar kom kláfur yfir ósinn sem slitnaði 1941 og drukknuðu 2 menn.

Heimildaskrá

Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, II bindi. Skagafjarðarsýsla. Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson bjuggu til prentunar. Akureyri 1954.

Kolkuós 146414 - 22

Hlutverk: Mógröf
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Kristín Sigurmons dóttir

Staðhættir

„Það var mótekja í fjöruborðinu framan við Kolkuós, rétt þar sem bátarnir lentu” (MS, 2). Samkvæmt heimildamanni þurfti að moka ofan af mónum. Mórinn var beinhardur og margar stungur og var þetta úrvals mór.

Lýsing

Fyrst var mór tekinn sunnan við tangann en síðar færðist mótekjan suðureftir og mór var tekinn vestan við sláturhúsin.

Nánari lýsing

„Þar var hægt að taka mó á stórstraumsfjöru, tvær þrjár stungur og þurfti að ryðja mól ofan af. Marteinn man þar eftir móhraukum. Ekki var þó hægt að sinna þessu nema skamman tíma, því hætta varð þegar flæddi að aftur.” (MS, 2).

Heimildaskrá

Viðtal við Martein Steinsson (1993). Hjalti Pálsson tók viðtalið og skráði.

Kolkuós 146414 - 23

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Örnefni

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Kristín Sigurmons dóttir

Staðhættir

Í örnefnaskrá Kolkuóss stendur: „Með ánni er Kvíslarhvammur - þá Stekkjarhóll og Stekkjarhvammur” (ÖSB,1). Hér er átt við ána Hjaltadalsá áður en hún sameinast Kolbeinsdalsá.

Lýsing

Stekkur fannst ekki við vettvangsskráningu sumarið 2006. Heimildamaður kannast ekki við örnefnið og telur ólíklegt að stekkur hafi verið þarna þar sem langt hefur verið til næstu bæja.

Heimildaskrá

Sverrir Björnsson (1978): Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands).

Kolkuós 146414 - 24



Sérheiti: Stólpahvammur/
Gömlubrúarhvammur
Hlutverk: Brú
Tegund: Örnefni
Staðsetning:
A: 484498,70
N: 589656,33
Ástand: Gott
Hættumat:
Mikil hætta
Hættuorsök:
Landrof
Heimildamaður:
Kristín Símonardóttir

30. mynd. Brúastólpi við Hjaltadalsá. Ljósm. BZ.

Staðhættir

Samkvæmt örnefnalýsingu Kolkuóss er Stólpahvammur norðan við Bláleitarnef við Hjaltadalsá. Þar var trébrú byggð yfir ána um 1884. Sunnan við brúarstæðið er flúð, þar heitir Gýgjarfoss. (ÖSB, 1). Af loftmyndum má sjá að vegur eða slóði liggur þarna um. Í örnefnalýsingu Langhúsa eftir handriti Hartmanns kemur fram að brúin hafi staðið í 45 ár eða til 1929. (ÖMJ, 2).

Lýsing

Grjóthlaðinn brúarstólpi sést enn framarlega á klettasnös. Hefur heimildamaður aldrei heyrt nafnið Stólpahvammur heldur var hvammurinn kallaður Gömlubrúarhvammur.

Heimildaskrá

Sverrir Björnsson (1978): Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands).

Margeir Jónsson: Örnefnalýsing Langhúsa skráð eftir handriti Hartmanns Ásgrímssonar. 1932.

Kolkuós 146414 - 25

Sérheiti: Teigsvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Örnefni

Staðsetning: A: 484013,02 N: 591293,40

Ástand: Ómetið

Heimildamenn: Margrét og Kristín Sigurmonsdætur

Staðhættir

Í örnefnalýsingu kemur fram að í Teigshvammum sem stendur gegnt bænum Teigi sé vað í Kolku (svo heitir áin eftir að Hjaltadals- og Kolbeinsdalsá sameinast) sem heitir Teigsvað. Teigshvammur og Teigsvað eru neðan við Krosshvamm (ÖSB,1).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var Teigsvað milli bæjanna Teigs og Marbælis, mun það hafa verið suður og niður af Marbæli, eða um 130 m norðvestur af landamerkjum bæjanna og um 1100 m austur af Kolkuósi. Góður malarbotn var á Teigsvaði og gott að fara yfir.

Heimildaskrá

Sverrir Björnsson (1978): Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands).

Kolkuós 146414 - 26

Sérheiti: Steinsvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Örnefni

Staðsetning: A: 483587,00 N: 591795,06

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Kristín Sigurmonsdóttir

Staðhættir

Í örnefnalýsingu er Steinsvað á Kolku vestan við Lækjarósnef (ÖSB,1). Í viðtali við Marteín Steinsson sem var um tíma í Kolkuósi segir hann svo frá: „Þú sérð einn stakan stein í kvíslinni hérna megin (sunnan megin). Það hafa borist þarna með straumi og myndast eyrar og tveir hólmar, en þeir voru ekki. En það var hægt að sjá á þessum steini, hvort áin væri reið, ef flaut yfir steininn eða því sem næst, þá var hún ófær. Ég man ekki hvort lagt var í ána ofan eða neðan við steininn” (MS, 130).

Lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt leiðbeiningum frá heimildamanni. Steinsvað var almannaleið yfir Kolku og þegar farið var í Kolkuós var farið upp á melana til suðurs og síðan eftir þeim til vesturs og niður í Kolkuós.

Heimildaskrá

Sverrir Björnsson (1978): Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands).

Viðtal við Marteín Steinsson (1993). Hjalti Pálsson tók viðtalið og skráði.

Kolkuós 146414 - 27

Sérheiti: Vagnabraut

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 483654,10 N: 590415,64

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hættu

Heimildamenn: Halldór Steingrímsson og Kristín Sigurmonsdóttir

Staðhættir

Í sýslu- og sóknarlýsingum segir: „Rudd braut hefir og legið til forna frá Kolbeinsárósi allt upp undir Langhús, um Viðvíkurskóg, sér enn fyrir og kallast Vagnbraut” (SS, 130). Í örnefnalýsingu segir: „Niður frá Finnbogahólum liggur Vagnabraut[aðrir nefna veginn

Vagnbraut]” (ÖSB, 1). Kristín getur þess að Vagnbraut hafi verið ófær á vorin vegna aurbleytu.

Lýsing

Í vestur frá Finnbogahólum liggur vegarslóði til norðvesturs í átt til Kolkuóss, þar sem Vagnbrautin mun áður hafa verið.

Heimildaskrá

Sverrir Björnsson (1978): Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkisjarðar).

Kolkuós 146414 - 28

Sérheiti: Þjóðvegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðsetning: A: 484067,28 N: 589747,69

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir

Í örnefnalýsingu kemur fram að Staðarmóar eru norðaustan Vagnabrautar, ofan að Þjóðvegi (ÖSB, 1).

Lýsing

Vegurinn lá áður eftir melunum vestan við Brimnes, beygir til austurs við Geitagerði og þaðan að brúarstólpanum í Stólpahvammi. Vegurinn er greinilegur allt suður frá Bakka að Krossi í norðri.

Heimildaskrá

Sverrir Björnsson (1978): Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands).

Kolkuós 146414 - 29



Sérheiti: Beitarhúsatóftir

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 484833,690

N: 588823,936

Ástand: Ómetið

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Halldór Steingrímsson

Staðhættir

Samkvæmt örnefnaskrá eru Beitarhúsatóftir á mel móts við veginn. Ekki er alveg ljóst við hvaða veg er átt en líklega er það þjóðvegurinn eða afleggjarinn sem nú er notaður og liggur að Kolkuósi. (ÖSB, 1).

Lýsing

Um 30 m suður frá veginum sem liggur til Kolkuóss, á móts við Hlíðarenda, er tóft. Hún liggur nálega norðnorðaustur/suðsuðvestur. Tóftin er þrískipt beitarhúsatóft. Fjárhús er til norðurs og tvískipt hlaða til suðurs. Veggir fjárhússins eru vel grónir en þó sér í grjóthleðslur í veggjum. Innanmál er 6x10 m, breidd veggja allt að 3 m og dyr eru til norðnorðausturs. Austari hluti hlöðu er með grjóthlöðnum veggjum, um 160 sm að hæð og 2x3 m að innanmáli. Veggirnir eru grónir að utan en engar dyr eru sýnilegar. Vestari hlutinn er mjög gróinn og veggir nokkuð hrundari en í fyrrgreindu húsi. Innanmál þess er 3x2,5 m. Hæð veggja er mest 1 m frá gólfi. Veggja breidd er frá 40 sm til 2ja metra. Hugsanlega er innangengt inn í fjárhúsið.

Nánari lýsing

Í örnefnalýsingu kemur fram að beitarhúsin hafi verið frá Viðvík og að í þeim hafi sauðir verið hafðir um vetur. Síðast voru þau notuð eftir aldamótin 1900 í tíð Zophoníasar Halldórssonar. (ÖSB, 1).

Heimildaskrá

Sverrir Björnsson (1978): Örnefnalýsing Kolkuóss (Ríkislands).

Kolkuós 146414 - 30

Hlutverk: Sláturhús

Tegund: Steinsteyppt hús

Staðsetning: A: 482872,91 N: 591499,51

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Heimildamaður: Kristín Sigurmons dóttir

Staðhættir

Í Skagfirðingabók segir: „Árið 1913 reisti Hartmann sláturhús úr steinsteypu, sem enn stendur, og árið eftir réttarhús, áfast við að vestan, úr sama efni.” (Skagfirðingabók, 16).

Nánari lýsing

Marteinn Steinsson segir svo frá í viðtali: „Þar var loft yfir og á því lofti héldu menn stundum til, bæði þeir sem voru við slátrunina og einni ef menn stunduðu þar sjó. Loftið á sláturhúsinu var mikill geimur og þar voru stundum haldnar danssamkomur og einni leiksýningu man Marteinn þar eftir nálægt 1920. Þá var sett þar upp leikrit úr Manni og konu eftir Jón Thoroddssen.” (MS, 1). Sláturhúsið er 20 m vestur af íbúðarhúsinu. Það var síðar notað sem fjárhús samkvæmt heimildamanni.

Heimildaskrá

Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Viðtal við Martein Steinsson (1993). Hjalti Pálsson tók viðtalið og skráði.

Kolkuós 146414 - 31

Hlutverk: Réttarhús

Tegund: Steinsteyppt hús

Staðsetning: A: 482872,39 N: 591490,15

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Í Skagfirðingabók segir: „Árið 1913 reisti Hartmann sláturhús úr steinsteypu, sem enn stendur, og árið eftir réttarhús, áfast við a vesta, úr sama efni. Ris var á því og þar svefnstaður manna, sem unnu að slátrun.” (Skagfirðingabók, 16). Réttarhúsin eru sunnan gömlu sláturhúsanna og snúa þvert á þau, þ.e. frá vestri til austurs.

Lýsing

Húsin eru steinsteyppt og ummál þeirra er um 14x10 m.

Nánari lýsing

Í Skagfirðingabók er nánari lýsing á réttarhúsinu: „Réttarhúsið tók þrjú til fjögur hundruð fjár, en það var sá fjöldi, sem hægt var að slátra yfir daginn. Í norðurenda þessa húss voru afþiljaðar geymslur, önnur fyrri gærur, hin fyrir salt.

Réttarhúsið í Kolkuósi var merkileg framkvæmd á sinni tíð og sýnir, hvað Hartmann var á undan sinni samtíð á ýmsum sviðum. Í áratugi eftir þetta voru engin réttarhús á Sauðárkróki. Sauðfé, sem beið slátrunar, varð að standa í opnum útiréttum í hvaða veðri sem var og vaða leðju á réttargólfi, þegar úrfelli var” (Skagfirðingabók, 16).

Heimildaskrá

Björn Egilsson (1983). Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi, 7-35.

Kolkuós 146414 - 32

Hlutverk: Fjós

Tegund: Grunnur

Staðsetning: A: 482920,088 N: 591495,474

Ástand: nánast horfið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Á 26. og 28. mynd má sjá steinsteyppt fjós austan íbúðarhússins, segir í lýsingu Marteins Steinssonar um 28. mynd: „Íbúðarhúsið kemur svo næst í röðinni, en síðan fjósið. Geitakofi stóð austar og ofar í brekkunni.” (MS, 1). Fjósið var um 8 m suðaustur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Fjósið hefur verið rifið en sjá má móta fyrir grunni þess, um 9x9 m að ummáli, við suðausturhorn íbúðarhússins. Framkvæmdir eru hafnar við íbúðarhúsið og búið er að grafa skurði umhverfis húsið að hluta.

Heimildaskrá

Viðtal við Marteinn Steinsson (1993). Hjalti Pálsson tók viðtalið og skráði.

Kolkuós 146414 - 33

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Grunnur

Staðsetning: A: 482711,35 N: 591212,15

Ástand: Lélegt

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Tóftin er að hrynja fram af bakkanum sem það stendur á.

Staðhættir

Um 330 m suðvestur af íbúðarhúsinu í Kolkuósi er steypur fjárhúsgrunnur. Grunnurinn stendur fremst á sjávarbakkanum og er þegar tekin að falla fram af honum.

Lýsing

Grunnurinn er að ummáli 21x8 m og liggur frá norðaustri til suðvesturs. Veggir eru að mestu fallnir en veggur mót norðvestri og norðri stendur að hluta. Bárujárn og timbur er í grunninum.

Kolkuós 146414 - 34

Hlutverk: Leið

Tegund: Vað

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Sveinn Pálsson segir svo í Ferðabók sinni: „Inn eftir ströndinni er bezti vegur, en tvær allstórar ár eru á leiðinni, Grafará eða Ártúnsá, sem fellur úr Deildardal, og Kolbeinsdalsá, en í hana hefur Hjaltadalsá fallið, þegar hér er komið. Hún er stórgrýtt og því oft hættuleg yfirferðar, einkum á vorin, ekki sízt vegna þess að vaðið á henni er rétt þar hjá, sem hún fellur út í sjóinn. Af þessum sökum hafa margir menn farizt í henni.” (SP, 141).

Lýsing

Ekki er vitað nákvæmlega hvar farið var yfir á vaði.

Heimildaskrá

Ferðabók Sveins Pálssonar: Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Jón Eyþórsson bjó til prentunar. Snælandsútgáfan, 1945.

Stóragerði

Saga

Stóragerði er byggt úr landi Þúfna. Á Þúfum var löngum tvíbýli en í kringum miðja nítjándu öld byggði annar ábúandinn yfir sig á fjárhúsgerði sem var sunnan við túnið á Þúfum. Fyrstu skráðu ábúendur á Stóragerði voru Friðbjörn Pétursson og Sigurbjörg Jónsdóttir, þau bjuggu þar frá 1855-1862. Í jarða- og búendatali segir að vafalaust hafi þó verið byggt þar fyrir eða um 1850.⁵⁹ Og einnig segir í örnefnaskrá: „Töldu gamlir menn um síðustu aldamót, að þessi Jón [Jón Vigfússon sem bjó í tvíbýli á Þúfum] hafi fyrstur byggt bæ í Stóragerði, en ekki er víst um hvaða ár, en ágizkun um árið 1848”, þess er einnig getið að fyrstu árin eftir að byggt hafi verið í Stóragerði hafi býlinu ekki verið skiptur úr Þúfnalandi og Jón því í heimildum talinn heimilismaður á Þúfum. Jörðin eru orðin sérbýli 1855⁶⁰ en í landamerkjaskrá frá 1889 er Stóragerði samt sem áður kallað afbýli frá Þúfum.⁶¹ Þess er ekki getið í jarðatali frá 1861 en þar eru Þúfur metnar á 30 hundruð að fornu mati og 21,3 hundruð að nýju.⁶²

Samgönguminjasafn er í Stóragerði og var það formlega opnað 26. júní 2004.⁶³

Náttúrufar og jarðabætur

Stóragerði á land milli Kolbeinsá og fjalls á milli Þúfna að norðan og Miklabæjar og Hlíðarenda að sunnan.⁶⁴ Landið er nú skipt milli bræðranna Sigurmons Þórðarsonar og Gunnars Þórðarsonar núverandi ábúanda. Sigurmon á nú nyrsta hluta Stóragerðis, vestan Þjóðvegjar, þar ásamt parti af Þúfnalandi sem hann hélt eftir þegar hann seldi Þúfur.⁶⁵ Í jarðabók Árna og Páls segir um Þúfur: „Torfrista og stúnga sæmileg. [...] Túni grandar mýri sem á Miklabæ. Engi votlent sem segir um Miklabæ. Landþröng ut supra.”⁶⁶

Landamerki

Landamerki eins og þau koma fyrir í örnefnaskrá: „Landamerki að sunnan gegnt Miklabæ eru úr klöpp við Kolbeinsá, syðst í Þúfnahvammi, svo austur melana norðan Grafnabrekku, og áfram austur norðan við Flatagerði og Gunnugerði, og þaðan í svokallaðan Grástein norður undan Efragerði á Miklabæ, þaðan sjónhending í miðjan Hatt, sem er allhár fjallshnjúkur upp af Kringlufjalli. Að norðan gegnt Þúfum, úr svokallaðri Þorgrímstótt, sem er skammt vestan Þjóðvegjar (í línu vestur af Þúfnabænum) þaðan eftir skurði og girðingu upp á milli bæjanna í merkjastaur í hagagirðingunni norður og austur af Stóragerðisbænum. Gegnt Þúfum að vestan, úr áður á minnstri Þorgrímstótt norðaustur flóann í svokallaða Grænutótt, þaðan sama lína norður í Krossmerki. Gegnt Krossi að norðan: Frá Kolbeinsá, eftir svokölluðum Syðstagilslæk, þaðan áfram austur í

⁵⁹ Jarða og búendatal Skagafjarðar (1949), 42.

⁶⁰ Jóhann Ólafsson (1972), Örnefnaskrá Stóragerðis, 1.

⁶¹ Landamerkjaskrá nr. 162.

⁶² Jarðamat (1861), 101.

⁶³ Bæklingur um Samgönguminjasafn Skagafjarðar.


⁶⁴ Jarða og búendatal Skagafjarðar (1949), 42.

⁶⁵ Munnleg heimild: Gunnar Þórðarson 02.08.2006.

⁶⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (1930), 231.

Syðstapoll í Kílalæk, norðan við Stóragerðisgrafir. Þaðan beint austur þangað til Þúfna-
og Stóragerðismerki þar skerast í Krossmerki”.⁶⁷

Túnakort Stóragerðis



⁶⁷ Jóhann Ólafsson (1972), Örnefnaskrá Stóragerðis, 1.

Fornleifaskráning

Stóra-Gerði 146590 308-1



31. mynd. Gamli bæjarhóllinn liggur þar sem nú timburhúsið stendur. Ljósm. BZ.

Sérheiti: Stóragerði

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 485838,57 N: 590110,11

Ástand: Horfið

Heimildamenn: Gunnar Kr. Þórðarson, núverandi ábúandi og Margrét Kristjánsdóttir sem ólst upp á Stóragerði.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Jóhanns Ólafssonar segir: „Stóragerðisbærinn stendur örskammt sunnan og ofar en Þúfnabærinn (það er nær fjallinu) og á land á milli Miklabæjar að sunnan en Þúfna og Kross að norðan” (ÖJÓ, 1).

Á túnakorti má sjá bæinn og matjurtagarð við enda hans. Útihús er við hliðina. Samkvæmt Margréti Kristjánsdóttur var innangengt úr bænum í útihúsin. Eldri hluti bæjarins var austanvert á bæjarhólnum en byggt var við hann til vesturs. Safnþró og kamar voru við bæinn.

Nánari lýsing

Úr syrgu Björns í bæ: „Húsaskipan var sú [9. janúar 1933]; að syðst voru íbúðir jarðar en rétt norðan við voru öll útihús, fjárhús, fjós, hlaða og þegar þetta gerðist var við fjóshlöðu allstórt töðuhey [öll þessi hús voru sambyggð]” (Björn Jónsson, 110).

Lýsing

Gamli bærinn stóð um 20 m norðan við núverandi íbúðarhús. Þar er nú verið að reisa nýtt íbúðarhús. Öll ummerki um gamla bæinn eru horfin nema hvað móta sést fyrir kjallaranum milli trjáanna norðan við eldra íbúðarhús. Þar er smá dæld í jörðina þar sem kjallarin var.

Heimildaskrá

Jóhann Ólafsson (1972). Örnefnaskrá Stóragerðis, skráð eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Björn Jónsson. Úr handriti Björns Jónssonar frá Bæ 14. bindi.

Túnakort Stóragerðis (1917). K. Kristinsson mældi. Þjóðskjalasafn Íslands.

Stóra-Gerði 146590 308-2

Sérheiti: Stóragerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 485838,57 N: 590110,11

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Gunnar Kr. Þórðarson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Jóhanns Ólafssonar segir: „Stóragerði var fjárhús frá Þúfum, með nokkru túni í kring” (ÖJÓ, 1). Í Jarða- og búendatali segir: „Þess er áður getið í sambandið við Þúfur, að þar var löngum tvíþýli. Þetta varð þess valdandi, að annar ábúandinn byggði yfir sig á fjárhúsgerði sunnan við túnið á Þúfum” (JB, 42).

Lýsing


Búið er að rífa bæinn og verið er að byggja íbúðarhús á gamla bæjarstæðinu.

Heimildaskrá

Jóhann Ólafsson (1972). Örnefnaskrá Stóragerðis, skráð eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skráum yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958. Skagfirsk fræði (11. árg). Sögufélag Skagfirðinga 1949-1959.

Stóra-Gerði 146590 308-3



Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning:
A: 485859,510
N 590092,360
Ástand: Horfið
Heimildamaður: Gunnar Kr.
Þórðarson

Staðhættir

Um 15 m í norður frá húshorni eldra íbúðarhússins á Stóragerði er trjáreitur sem opinn er til suðurs og í honum stendur hestasláttuvél til skrauts.

Lýsing

Telur Gunnar Þórðarson að hugsanlega hafi einhvern tímann staðið þar mannvirki sem fyrir löngu

er horfið. Bletturinn er gróinn og ekki sér móta fyrir tóftum.

Stóra-Gerði 146590 308-4

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: A: 485826,113 N 590055,400
Ástand: Lélegt
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Heimildamaður: Gunnar Kr. Þórðarson

Staðhættir

Í garðinum á Stóragerði um 20 m suðvestan við eldra íbúðarhúsið húsið er tóft. Til athugunar: hugsanlegt er að hér sé um að ræða tóft sem skráð er í Kofabrekku sjá nr. 146590 308-5.

Lýsing

Búið er að gera stíg yfir norðurenda tóftarinnar og plægja suðurendann og planta þar trjám sem liggja meðfram öllum garðinum. Veggir eru breiðastir rúmir 3 metrar og mesta hæð veggja er 40 sm. Lengd vestari langveggjar eru rúmir 8 m en þess austari tæpir 13 m. Veggir eru algrónir og mjög jarðsokknir en þó vel greinanlegir.

Stóra-Gerði 146590 308-5

Sérheiti: Kofabrekka

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Sigurmon Þórðarson, ólst upp í Stóragerði og fluttist síðar að Þúfum um tíma.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Kofabrekka var rétt sunnan við Gamla bæinn” (ÖRI, 5). Á túnakorti er útihús austur af bænum og er þar hugsanlega um að ræða hús sem hefur staðið þar sem nú heitir Kofabrekka. Til athugunar: hugsanlegt er að um sé að ræða tóft skráða nr. **146590 308-4**.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var Kofabrekka neðan eða beint suður af beygju á aðkeyrslu sem liggur heima að íbúðarhúsi því sem er í notkun 2006 (nýtt hús í byggingu). Þar mun hafa verið kofi, hesthús eða fjárhús sem síðar var notað sem reykkofi. Það var jafnað út fyrir mörgum árum.

Heimildaskrá

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gerði 146590 308-6

Sérheiti: Kringlugerði

Hlutverk: Gerði

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 485676,77 N 590023,57

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Margrét Kristjánsdóttir

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Kringlugerði var beint niður af gamla bænum. Aðeins ofar en sumarbústaðurinn Birkigerði stendur núna” (ÖRI, 5).

Lýsing

Nokkuð óljóst er hvar Kringlugerði er en samkvæmt örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar var það austan við sumarbústaðinn Birkigerði. Heimildamaður taldi að staðsetningin í örnefnaskrá væri rétt. Þar hefur nú allt nýlega verið plægt og engar minjar greinanlegar.

Heimildaskrá

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gerði 146590 308-7

Sérheiti: Hesthúsgerði

Hlutverk: Gerði

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 485579,97 N: 590060,97

Ástand: Horfið

Heimildamenn: Halldór Antonsson (bjó um tíma á Stóragerði) og Margrét Kristjánsdóttir

Staðhættir

Í örnefnaskrá Jóhanns Ólafssonar segir: „Hesthúsgerði, nyrzt og neðst í túninu” (ÖJÓ, 3). Í landamerkjabréfi segir: „Að sunnan við hér nefndar merkjalínur, á Stóragerði slægjuland, að undanskildum tveim túnblettum í Stóragerðislandi, er tilheyra þúfum og heita Hesthúsgerði og Nýjatún” (Landamerkjabréf, 162).

Lýsing

Hesthúsgerði var austan við sumarbústað þann sem liggur sunnan heimreiðar til Stóragerðis. Um það bil 270 m vestur af eldra íbúðarhúsinu. Samkvæmt Margréti var það áður í landi þúfna en færðist yfir í Stóragerðisland þegar landamerki voru endurskoðuð.

Heimildaskrá

Jóhann Ólafsson (1972). Örnefnaskrá Stóragerðis, skráð eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Landamerkjaskrá nr. 162 fyrir þúfur í Hofshreppi (með afbýlinu Stóragerði). Undirrituð 22. maí 1886. Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 12. júní 1889.

Stóra-Gerði 146590 308-8



Sérheiti: Brúarnef
Hlutverk: Brú
Tegund: Heimild
Staðsetning:
A: 484850,68
N: 589810,839
Ástand: Gott
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök:
Vatnsrof
Heimildamaður:
Sigurmon Þórðarson

32. mynd. Brúarstólpinn við Kolku. Ljósm. BZ.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Jóhanns Ólafssonar segir: „Langihvammur. Hann er vestur við Kolbeinsá, norður að Krossmerkjum. Stólpahvammur. Næstur sunnan við, í honum er Stólpi, hár klettahóll í hvamminum vestur við ána, grasigróinn nema að vestan. Brúarnef þar austar, þar var fyrsta brúin byggð á Kolbeinsá. Brúarhóll rétt aðeins austar” (ÖJÓ, 2). Í örnefnaskrá Rósmundar segir: „Brúarstöpull austan árinna stendur enn í febr. 2001.

Upphaflega hlaðinn á gilbrúninni. Sá að vestan skreið fram af fyrir nokkrum árum” (ÖRI, 5).

Lýsing

Brúarstólpi er við Kolku hlaðinn úr grjóti. Stólpinn er í ágætu ásigkomulagi en er í nokkurri hættu vegna lækjar sem rennur fram með honum.

Heimildaskrá

Jóhann Ólafsson (1972). Örnefnaskrá Stóragerðis, skráð eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gerði 146590 308-9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning:

A: 484840,891

N: 589851,630

Ástand: Sæmilegt

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Í örnefnaskrá Jóhanns

Ólafssonar segir:

„Langihvammur.

Hann er vestur við

Kolbeinsá, norður að

Krossmerkjum. Stólpahvammur. Næstur sunnan við, í honum er Stólpi, hár kletthóll í hvamminum vestur við ána, grasigróinn nema að vestan. Brúarnef þar austar, þar var fyrsta brúin byggð á Kolbeinsá. Brúarhóll rétt aðeins austar” (ÖJÓ, 2). Í örnefnaskrá Rósmundar segir: „Brúarstöpull austan árinna stendur enn í febr. 2001. Haglega hlaðinn á gilbrúninni. Sá að vestan skreið fram af fyrir nokkrum árum” (ÖRI, 5).


Lýsing

Brúarstólpi er við Kolku hlaðinn úr grjóti. Frá honum liggur upphlaðinn vegur til norðurs, um 60 sm hár. Austur af veginum virðist vera tóft, það er bolli grafinn inn í vegarkantinn. Umhverfis er nokkurt grjót. Tóftin er um 3x4 m að utanmáli og eru veggir hæstir um 50 sm.

Heimildaskrá

Jóhann Ólafsson (1972). Örnefnaskrá Stóragerðis, skráð eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.



Stóra-Gerði 146590 308-10

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 484839,704 N: 589836,887

Ástand: Gott

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Í örnefnaskrá Jóhanns Ólafssonar segir: „Langihvammur. Hann er vestur við Kolbeinsá, norður að Krossmerkjum. Stólpahvammur. Næstur sunnan við, í honum er Stólpi, hár klettahóll í hvamminum vestur við ána, grasigróinn nema að vestan.Brúarnef þar austar, þar var fyrsta brúin byggð á Kolbeinsá. Brúarhóll rétt aðeins austar” (ÖJÓ, 2). Í örnefnaskrá Rósmundar segir: „Brúarstöpull austan árinna stendur enn í febr. 2001. Haflega hlaðinn á gilbrúninni. Sá að vestan skreið fram af fyrir nokkrum árum” (ÖRI, 5).

Lýsing

Brúarstólpi er við Kolku hlaðinn úr grjóti. Frá honum liggur upphlaðinn vegur til norðurs, hann er breiðastur tæplega 3 metrar og tæplega 50 m á lengd.

Heimildaskrá

Jóhann Ólafsson (1972). Örnefnaskrá Stóragerðis, skráð eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gerði 146590 308-11

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 484819,93 N: 589841,57

Ástand: Gott

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Um 10 m vestur af veginum sem liggur frá brúarstólpanum við Kolbeinsdalsá er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt með lambakró til suðvesturs. Líklega stekkjartóft, vel greinanleg og sker sig úr landslagi. Hún liggur norðaustur/suðvestur og er algróin. Í henni er gras og nokkur mosi. Utanmál tóftar er 6x11 m. Veggjahæð er um 50x60 sm. Mesta breidd veggja er 2m. Innangengt er milli króa. Dyr eru á stærri kró og snúa mót norðvestri en dyr á lambakró snúa til vesturs.

Stóra-Gerði 146590 308-12

Hlutverk: Mókofi?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 484802 N: 590289

Ástand: Gott

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Sigurmon Þórðarson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar segir: „Norðarlega í þessu landi og beint suður af bænum á Krossi, er lítil mannvirkjaleif, tóft ca. 3x4 m” (ÖRI, 5).

Lýsing


Um 120 m vestur af þjóðvegi og um 100 m suður af landamerkjagirðingu við Kross er tóft.

Hún er efst á hól, nokkuð háum. Að norðan, vestan og suðvestan virðist sem hugsanlega hafi verið smá tún því nokkuð ákveðin skil eru umhverfis hollinn með skörpum hornum, lýtur út fyrir að vera manngert. Líklegt er að um mókofatóft sé að ræða.

Tóftin sjálf er 3x2,5 m að innanmáli og liggur norður/suður. Hún er algróin. Þykkt veggja er um 40 sm og hæð þeirra um 30 sm. Dyr eru til vesturs og norður..

Heimildaskrá

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Stóra-Gerði 146590 308-13**

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 484577 N: 590373

Ástand: Lélegt

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Við landamerkjagirðingu Stóragerðis og Kross um 100 m austur af Kolku er lágur holl og á honum virðist vera mannvirki þó ógreinilegt sé.

Lýsing

Hóllinn er um 20x15 m að ummáli. Efst á honum virðist vera leifar mannvirkis, afar óljósar og er hóllinn mjög hlaupinn í þúfur. Tóftin er um 3x6 m að innanmáli. Hún liggur norður/suður.

Heimildaskrá

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gerði 146590 308-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 484672 N: 590283

Ástand: Gott

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Staðhættir

Ofan á aflöngum hól sem liggur norðnorðaustur/suðsuðvestur eru tvö hringlaga mannvirki. Hlutverk er óþekkt en gæti verið til mó- eða heypurrkunar. Umhverfis hólinn er nokkuð slétt land, melar til suðurs en gróið að austan.

Lýsing

Syðri tóftin er um 1x1 m að utanmáli, engar dyr eru á tóftinni. Veggir eru algrónir og um 20-30 sm háir og breidd veggja 30 sm.

Um 3 metrum norðar er stærri tóft 2,5x2,5 m að utanmáli.

Stóra-Gerði 146590 308-15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 484672 N: 590288

Ástand: Gott

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting


Staðhættir

Ofan á aflöngum hól sem liggur norðnorðaustur/suðsuðvestur eru tvö hringlaga mannvirki. Hlutverk er óþekkt en gæti verið til mó- eða heypurrkunar. Umhverfis hólinn er nokkuð slétt land, melar til suðurs en gróið að austan.

Lýsing

Um 3 metrum norðan við tóft 146590 308-14 er stærri tóft 2,5x2,5 m að utanmáli. Engar greinilegar dyr eru á tóftinni en veggir eru lægri til austurs og suðausturs og gæti þar hafa verið dyr. Hæð veggja að utan eru um 30-40 sm háir og mesta breidd er um 40 sm.

Stóra-Gerði 146590 308-16



Sérheiti: Þorgrímstótt

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 485120,33

N: 590007,18

Ástand: Gott

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Sigurmon Þórðarson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Jóhanns Ólafssonar segir: „Langihvammur. Hann er vestur við Kolbeinsá, norður að Krossmerkjum. Stólpahvammur. Næstur sunnan við, í honum er Stólpi, hár kletthóll í hvamminum vestur við ána, grasigróinn nema að vestan. Brúarnef þar austar, þar var fyrsta brúin byggð á Kolbeinsá. Brúarhóll rétt aðeins austar. Breiðasund þar norður of vestur af (mýrarsund

allbreitt). Flói þar austur af. Þorgrímstótt sunnan við flóann” (ÖJÓ, 2-3). Í örnefnaskrá Rósmundar segir: „Þorgrímstóft ?, niður undan Þúfum og spölkorn vestan við þjóðveginn, er ca. 6x8 m og situr á smáhæð” [sic] (ÖRI, 5). Þorgrímstóft er vestan girðingar þeirrar er skilur land Gunnars og Sigurmonar, rúma 700 m vestur af bænum.

Lýsing

Tóftin liggur á smá hól, er vel glögg og gróin en sér þó í grjóti að minnsta kosti á einum stað. Tvær dyr virðast vera á tóftinni, önnur til norðurs og hin við suðvesturhorn hennar. Nokkuð þýft er í kringum tóftina. Mesta hæð veggja er um 40 sm og mesta breidd þeirra um 50 sm. Utanmál tóftar er 8,5x7m.

Heimildaskrá

Jóhann Ólafsson (1972). Örnefnaskrá Stóragerðis, skráð eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gerði 146590 308-17

Sérheiti: Grænatótt

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 485004,594 N:
590393,597

Ástand: Sæmilegt

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Sigurmon Þórðarson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Jóhanns Ólafssonar segir: „Langihvammur. Hann er vestur við Kolbeinsá, norður að Krossmerkjum. Stólpahvammur. Næstur sunnan við, í honum er Stólpi, hár klettahóll í hvamminum vestur við ána, grasigróinn nema að vestan. Brúarnef þar austar, þar var fyrsta brúin byggð á Kolbeinsá.

Brúarhóll rétt aðeins austar. Breiðasund þar norður of vestur af (mýrarsund allbreitt). Flói þar austur af. Þórgrímstótt sunnan við flóann. Grænatótt norður í Flóanum” (ÖJÓ, 2-3). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Grænatóft er ca. mitt á milli Þórgrímstóftar og Kross-landamerkja” (ÖRI, 5).

Grænatótt liggur við eldri landamerki Þúfna (nú land í eigu Sigurmonar Þórðarsonar) og Stóragerðis og liggur girðingin þvert yfir tóftina. Hún er um 100 m suður af landamerkjum við Enni og um 80 m vestur af Þjóðvegi.


Lýsing

Tóftin stendur á hól um 10x14 m að ummáli en innanmál tóftar er um 4x6 m. Hún er vel greinanlega í landslagi en veggir eru mjög rofnir og erfitt að greina þá nákvæmlega. Hóllinn er töluvert þýfður, en gólf tóftar að hluta til slétt. Vegna mikils gróður og mjög rofinna veggja er erfitt að greina breidd þeirra. Í austurhluta tóftar eru veggir um 50 sm að hæð og veggir heldur heillegri. Nokkuð slétt er umhverfis tóftina.

Heimildaskrá

Jóhann Ólafsson (1972). Örnefnaskrá Stóragerðis, skráð eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.



Stóra-Gerði 146590 308-18



Sérheiti: Stóragerðisgrafir
Hlutverk: Mótekja
Tegund: Mógrafir
Staðsetning: A: 484805,15
N: 590430,59
Ástand: Gott
Hætta: Lítil hætta
Hættuorsök: Almenn landnýting
Heimildamaður: Sigurmon
Þórðarson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Jóhanns Ólafssonar segir: „Gegnt Krossi að norðan: Frá Kolbeinsá, eftir svokölluðum Syðstagilslæk, þaðan áfram austur í Syðstapoll í

33. mynd. Stóragerðisgrafir. Ljósm. BZ.

Kílalæk, norðan við Stóragerðisgrafir. Þaðan beint austur þangað til Þúfna- og Stóragerðismerki þar skerast í Krossmerki” (ÖJÓ, 2). Í jarðalýsingu frá 1917 segir: „Mótekja góð og nærri” (Jarðaskrá 1917). Í örnefnaskrá Rósmundar segir: „Tjaldhóll er talinn vera ca. á miðri leið frá merkjum og niður að árgili. Skammt frá mógröfum. Hefur líklega verið tjaldað þar meðan verið var að vinna við mótekjuna.” og síðar segir: „Móholt í landi Stóragerðis, er rétt sunnan við Mógrafirnar” (ÖRI, 5-6). Við norðurmerki milli Stóragerðis og Þúfna eru Stóragerðisgrafirnar. Tæplega 180 m vestur af þjóðvegi og rúma 500 m suður af Krossi.

Lýsing

Mógrafarsvæðið er umfangsmikið, það nær um 180 m frá austri til vesturs og er um 100 m þar sem það er breiðast.

Heimildaskrá

Jóhann Ólafsson (1972). Örnefnaskrá Stóragerðis, skráð eftir Kristjáni Jónssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Jarðaskrá 1917

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gerði 146590 308-19

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Mógröf

Staðsetning: A: 484721

N: 590338

Ástand: Gott

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn
landnýting

Staðhættir

Ofan á aflöngum hól sem liggur norðnorðaustur/suðsuð-vestur eru tvö hringlaga mannvirki. Hlutverk er óþekkt en gæti verið einhverskonar heytóft. Umhverfis hólinn er nokkuð slétt land, melar til suðurs en gróið að austan.

Lýsing

Stórt mógrafarsvæði er í landi Stórugrafar [146590 308-18]. Um 60 m suður af því er stök mógröf, 3x15 m og um 2m að dýpt.



34. mynd. Mógröf í landi Stórugrafar. Ljós. BZ.

Stóra-Gerði 146590 308-20

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Heimildamaður: Gunnar Þórðarson

Staðhættir

Úr landamerkjabréfi: „Takmörk engisins í Þúfum frá bithaga tjeðra jarða eru úr svonefndum Merkjahól norður við Krossmerki, um lítinn melkoll norðan og austan við Þúfnabæinn. Þaðan áframhaldandi bein stefna suður á móts við Þúfnalæk og er þar varða hlaðin. Frá vörðu þessari bein stefna til vesturs í vörðu á syðri lækjarbakka Þúfnalæksins, rétt ofan við túnið í Þúfum. Frá nefndri vörðu í merkjavörðu á mýri milli bæjanna og sker sú lína túnin, eftir rás er túnasléttur frá báðum jörðum mynda. Úr merkjavörðu á fyrrnefndri mýri er merking í aðra vörðu, við götutroðninga (og eftir þeim) er liggja frá Stóragerði í Þúfnahlað, og úr því suður og ofan þar til túnið endar” (Landamerkjaskrá nr. 162).

Lýsing

Ekkert sér lengur til þessara gatna.

Heimildaskrá

Landamerkjaskrá nr. 162 fyrir Þúfur í Hofshreppi (með afbýlinu Stóragerði). Undirrituð 22. maí 1886. Þinglýst á manntalsþingi að Hofi 12. júní 1889.

Stóra-Gerði 146590 308-21

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 484650,62 N: 590181,81

Ástand: Gott

Hætta: Lítil hætta

Hættuorsök: Almenn landnýting

Heimildamaður: Sigurmon Þórðarson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar segir: „Svo voru göturnar, samgönguleiðin fyrir daga bílvega – og fyrstu götur bíla, út eftir Börmunum og út neðan við kross og upp á melana hjá Melstað. Göturnar sjást á Börmunum” síðar segir „Syðstagilslækur er nefndur í Landamerkjabréfi. Eðli málsins samkvæmt hlítur hann að renna eftir Syðstagili. Gil þetta var jafnan nefnt Krossgil. Yfir það lá gamli vegurinn á vaði, en hann lá áfram út barmana og svo upp hjá Melstað” [sic] (ÖRI, 5-6).

Lýsing

Leið þessi sést vel á bæði á jörðu og á loftmynd, hún liggur frá Brúarnefi um 655 m leið til norðurs að Kross landamerkjum.

Heimildaskrá

Rósmundur Ingvarsson (2001). Örnefnaskrá Stóragerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Stóra-Gerði 146590 308-22

Sérheiti: Þúfnavað

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 485303,71

N: 589572,85

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Sigurmon Þórðarson

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Þúfnavað á Kolbeinsdalsá var innst í Þúfnahvammi” (ÖRI, 6).

35. Þúfnavað. Ljósm. BZ.

Lýsing

